

MOSFELLINGUR

12. TBL. 22. ÁRG. FIMMTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2023 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

BJARNI, KRISTÍN, TRYGGVI, HALLA KAREN,
BJÖRN OG HEIÐA Í HAMRAHLÍÐARSKÓGINUM



Ljósín tendruð á laugardaginn • Tré sótt í Hamrahlíðarskóg þriðja árið í röð Jólatréð á Miðbæjartorgið fellt

Jólatréð sem prýðir Miðbæjartorgið var á dögunum sótt í hlíðar Úlfarsfells. Halla Karen formaður bæjarráðs sagaði tréð með aðstoð bæjarstarfsmanna og Skógræktarfélags Mosfellsbæjar. Jólatréð er rúmlega átta metra hátt blágreni sem gróðursett var af Skógræktarfélaginu fyrir 30 árum.

Ljósín á miðbæjartrénu verða tendruð á laugardaginn og markar það upphaf jólahalds í bænum.

Jólaskógurinn í Hamrahlíð mun síðan opna laugardaginn 8. desember. Skógræktarfélagið gróðursetur allt að 30 tré í staðinn fyrir hvert fellt tré í jólatrjáasölunni.

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



ADEINS ÞRJÚ
HÚS EFTIR

Liljugata 8-24

Glæsileg og vel skipulögð 190 m² raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignin afhendast tilbúna til innréttingar með frágenginni lóð á **122.000.000 kr.** eða fullbúna á **144.500.000 kr.**



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:
Milwaukee, Dewalt,
Metabo, Bosch,
Makita, Hikoki og
Panasonic



redder
Byggingalausnir

Hyrjarhófa 2
Sími 558 0888
www.redder.is



Mosfellingurinn Íris Dögg Oddsdóttir flugfreyja og jógakennari

**Vil gefa það áfram sem
hefur hjálpað mér »28**

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



BÍLALEIGA
Á STAÐNUM



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 21. DESEMBER

Verslum í heimabyggð

Í aðdraganda jóla þreytist ég ekki á því að hvetja Mosfellinga til að versla í heimabyggð. Bæði í Mosfellingi og nú í Hlégarði eru þetta einkunnarorðin á adventunni. Í Hlégarði verður haldinn risa jólamarkaður með mosfellsku þema laugardaginn 9. desember kl. 14-17. Ég hvet ykkur til að líta við og kynna ykkur allt það helsta úr



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingis

sveitinni og gera góð kaup. Þar verða kórar, leikhópurinn Lotta og fleira spennandi á sviðinu að ógleymdum jólagarðinum með öllum ljósumum fyrir neðan Hlégarð.

Sama dag kl. 13 opnar jólaskógurinn í Hamrahlíð þar sem Mosfellingar kaupa jólatrén sín.

Ásgarður heldur sinn vinsæla markað í Álafossvosinni á laugardaginn og Skálatún verður í Kjarna ásamt Kvenfélaginu. Þetta fer fram eftir að ljósinn verða kveikt á trénu á torginu. Líf og fjör og gleðilega aðventu.



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

KLUKKUR VIÐEYJARKIRKJU

Viðey mun um aldir hafa tilheyrt Mosfellsveit en á 18. öld var hún sameinuð Seltjarnarneshreppi. Vorið 1978 varð hún hluti af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Með konungsbréfi frá 1847 var Viðeyjarkirkja lögð undir Mosfell og sóknarprestinum falið að embætta þar 10. hvern helgan dag.

Á öndverðri 20. öld messaði séra Magnús Þorsteinsson (1872-1922) á Mosfelli jafnan í eygni á jólum og mættu þá allir eyjaskeggjar í messu.

„Sr. Magnús dvaldi þá alltaf næturlangt í Viðey og tók þátt í spilamennsku eða öðrum gleðskap sem hafður var um hönd.“

Viðeyjarsókn var svo tekin undan Mosfellsprestakalli samkvæmt ráðuneytisbréfi 23. mars 1988 og sameinuð Dómkirkjusókn í Reykjavík.

Heimildir: Kirkjur Íslands og Mosfellsbær - Saga byggðar



Sr. Magnús Þorsteinsson prestur á Mosfelli og fjölskylda. Framar: Valgerður, Guðrún og Magnús. Aftar: Ástríður, Matthildur, Kristín, Árni, Ólafur, Bergþór og Þorsteinn.



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn
- 7.600 kr. á mánuði

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



PRASTARHÖFÐI 36

Mjög glæsilegt 244,7 m² einbýlishús á einni hæð á frábærum útsýnisstað við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Húsið er allt hið glæsilegasta. Mjög mikil lofthæð (ca. 3,5 m), Stórir gluggar. Sérsmíðaðar innréttingar. Tvö eldstæði, bæði í stofu og setustofu. Mjög stór timburverönd úr harðvíð.

V. 195,0 m.



STÓRIKRIKI 46

Mjög fallegt 234,8 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 4 rúmgóð svefnherbergi. Gott skipulag. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 137,9 m.



STÓRIKRIKI 29

Sérlega fallegt 199,7 m² einbýlishús á einni hæð á friðsælum stað í útjaðri byggðar í Mosfellsbæ. Stórar samliggjandi stofur, 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Verönd mót suðri og óheft útsýni og ósnert náttúra til austurs frá húsinu.

V. 165,0 m.



KVÍSLARTUNGA 28

Glæsilegt 382,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í byggingu. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga skv. skilalýsingu seljanda en hægt er að semja við byggingaraðila um að skila húsinu lengra komnu.

V. 200,0 m.



GRUNDARTANGI 52

76,3 m² 3ja herbergja endaraðhús á einni hæð með timburverönd í suðvesturátt og stórrí lóð. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofu. Bakgarður í suðurátt með timburverönd.

V. 70,9 m.



LINDARBYGGÐ 11

Mjög fallegt 189,1 m², parhús með lokuðu bílskúli. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, borðstofu, stofu, sólstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, risherbergi og bílskúli. Frábær staðsetning í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ, leikskóli í næsta nágrenni.

V. 123,5 m.



MEÐ BÍLSKÚR

HJALLAHLÍÐ 29

Mjög falleg 94,4 m² 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með séringangi og timburverönd, ásamt 27,7 m² bílskúr. Frábær staðsetning í Mosfellsbæ, rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll.

V. 82,5 m.



GRENIBYGGÐ 26

170,4 m² parhús með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu. Gott skipulag og mikil lofthæð sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

V. 119,9 m.



BRATTAHLÍÐ 32

Mjög falleg og vönduð 111,4 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu innan íbúðar, eldhús, borðstofu og stofu.

V. 81,9 m.



LAXATUNGA 127

Mjög fallegt og vel skipulagt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin afhendist skv. skilalýsingu seljanda, tilbúin til innréttinga. Eignin er skráð 220 m², þar af einbýli 182,6 m² og bílskúr 37,4 m².

V. 125,9 m.



BJARKARHOLT 27

Falleg og vel skipulögð 75,3 m², 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. Eignin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni.

V. 58,0 m.



SKÁLAHLÍÐ 28

233,9 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol og bílskúr. Seljandi skoðar skipti á minni eign.

V. 159,9 m.



VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt 199,8 m², 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Eignin er skráð 199,8 m², þar af raðhús 172,1 m² og bílskúr 27,7 m². En auk þess eru rúmlega 20 m² óskráðir og er eignin því um 220 m².

V. 137,9 m.



UGLUGATA 4

Mjög falleg og vel skipulögð 135,7 m², 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Stórar svalir (ca. 17 m²) með svalalokun sem ekki eru í fermetratölu eignarinnar. Fallegar innréttingar frá Parka. Tvö sérmerkt bílastæði á bílaplani.

V. 87,9 m.

Polinmæði Aftureldingar á protum - Skorað á bæjarstjórn

Formannafundur Aftureldingar fóru fram á dögnum þar sem formenn allra 11 deilda Aftureldingar hittust og fóru yfir málin.

Mikill órói er meðal Aftureldingarfólks eftir að hafa séð drög að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar sem tekin hefur verið til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Samráðsvettvangur Mosfellsbæjar og Aftureldingar var settur á laggirnar haustið 2018 um uppbyggingu og nýtingu íþróttamannvirkja að Varmá.

Afturelding hefur nú ákveðið að draga sig úr þessum vettvangi og segir þá vinnu sem þar sé unnin litlu sem engu skila fyrir félagið.

Áskoran til bæjarstjórnar

Formannafundur Aftureldingar skorar á bæjarstjórn að við uppbyggingu að íþróttasvæðinu að Varmá á árinu 2024 verði sú framkvæmd fullkláruð í einum áfanga og til staðar verði bæði knattspyrnuvöllur og frjálsíþróttasvæði við verklok.

Það er að öllu leyti óásættanlegt að ekki eigi að vera til æfingaaðstaða til frjálsíþróttaiðkunar og með því að bíða með uppbyggingu er Mosfellsbær að stuðla að því að leggja niður starf frjálsíþróttadeildar Aftureldingar, segir í áskoraninni.

Þá skorar Afturelding jafnframt á bæjar- yfirvöld að hefja þegar í stað vinnu við að skipuleggja uppbyggingu íþróttasvæðisins að Varmá og fara í hönnun þeirra bygginga sem vitað er að þarf að reisa, þ.e. hönnun þjónustubyggingar og stúku.

Kallað eftir heildarsýn

„Mikill órói hefur verið í mínu kæra félagi, Aftureldingu, síðustu vikur,“ segir Birna Kristín Jónsdóttir formaður Aftureldingar.

„Í langan tíma höfum við kallað eftir heildarsýn og skipulagningu á því hvernig tímalínan á að vera varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja að Varmá.



VARMÁRSVÆÐIÐ Í SUMAR MED
AÐALVÖLLINN Í FORGRUNNI

Það er sannarlega verið að setja 700 milljónir í framkvæmdir á árinu 2024 og fögnum við því sannarlega. En við fögnum því alls ekki að verið sé að taka alveg aðstöðuna af einni deild og óbeint verið að leggja niður frjálsíþróttadeild félagsins.

Ég brenn fyrir því að sjá félagið mitt blómstra og aðstöðuna batna en viðurkenni að það er nett bugun í gangi en saman komumst við vonandi áfram,“ segir Birna Kristín.

Uppsöfnuð uppbyggingarþörf

Eftir holskeflu neikvæðrar umræðu á samfélagsmiðlum á dögnum sá meirihlutinn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar sig knúinn til að svara.

„Eftir kosningar í maí 2022 voru miklar væntingar bundnar við að nýr meirihluti hæfi umtalsverða uppbyggingu að Varmá enda var mikil uppsöfnuð uppbyggingar-

þörf á svæðinu,“ skrifar Halla Karen formaður bæjarráðs.

„Á síðastliðnu eina og hálfu ári hefur gervigrasvöllurinn verið endurnýjaður að fullu og settur upp vökvunarbúnaður. Þá fékk Afturelding afhenta styrktaraðstöðu sem óskað hefur verið eftir í fjöldamörgu ár og eins hefur félagið fengið aukið fjármagn til þess m.a. að mæta auknum kostnaði við starfsmannahald.

Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir tæpum milljarði í framkvæmdir, þ.e. m. að aðalvöllurinn verði endurgerður að fullu auk þess sem í þriggja ára fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir bæði þjónustubyggingu og stúkubyggingu við aðalvöllinn.

Við erum með stórhuga hugmyndir um framtíð Varmársvæðisins og teljum mikilvægt að horfa á svæðið í heild og horfa til framtíðar en bæta ekki við enn einum bútunum í bútasaminn.“



Jólamarkaður haldinn í Hlégarði 9. desember

Laugardaginn 9. desember verður haldinn jólamarkaður í Hlégarði í fyrsta sinn. Um 30 sölubásar verða á svæðinu með ýmsan varning til sölu. Yfirskrift dagsins er „verslum í heimabyggð“ og breyttist Hlégarður í sannkallaðan jólagarð. Á staðnum verða t.d. ristaðar möndlur, heitt kakó, jólatré, handverk, listaverk, kynningar og ýmislegt fleira spennandi. Jólaveinar verða á vappi og stöðug dagskrá á sviðinu. Meðal atriða eru leikhópurinn Lotta, Kvennkórinn Stóllur, Dúettinn Gleym-mér-ei, atriði úr Listaakademíunni, Varmáráðgjafi og Daniel Moss. Þá verða jólaljósín í garðinum á sínum stað en Jólagarðurinn í allri sinni dýrð hefur heldur betur slegið í gegn síðustu ár. Markaðurinn opnar kl. 14 og stendur til kl. 17.



Grindvíkingum boðið á jólatónleika

Tónlistarkonan Greta Salóme í samstarfi við Mosfellsbæ býður Grindvíkingum á tvenna jólatónleika í félagsheimili Mosfellinga, Hlégarði, sunnudaginn 17. desember. Aðgangur er ókeypis fyrir alla Grindvíkinga en uppselt er á þá báða. Boðið verður upp á heitt kakó og kaffi í hléi og mun Lionsklúbburinn Úa aðstoða við kaffiveitingar. Sérstakir gestir tónleikanna eru Björgvín Franz og Júlí Heiðar. Með Gretu Salóme og hljómsveit koma fram söngkonurnar Unnur Birna Björnsdóttir og Lilja Björk Runólfssdóttir. Um er að ræða hátíðlega og fjölbreytta jólatónleika fyrir alla fjölskylduna. Hefðbundnir jólatónleikar Gretu Salóme eru föstudaginn 15. desember, þá kemur barnakór Lágafellskirkju einnig fram. Miðasala á www.midix.is.



ÁFANGANUM FAGNAÐ

Afmælisveisla í Háholtinu

Aristó fagnar 20 ára afmæli

Þann 16. nóvember fagnaði Aristó hárstofa 20 ára starfsafmæli. Fyrr á þessu ári tók Eva Dís Björgvinsdóttir við rekstri stofunnar af þeim Ingu Lilju Hjálmarssdóttur og Guðrúnu Sveinsdóttur sem stofnuðu stofuna árið 2003.

Það var margt um manninn í veislunni, boðið upp á léttar veitingar, tilboð á vörum og happdrætti.

KIRKJUSTARFIÐ

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 3. desember

Kl. 13-15: JólakirkjuBRALL í Lágafellskirkju. Fjölskylduvæn samvera sem inniheldur föndur, jólatrésækt, ratleik, piparkökuskreytingar, fjárhúsahvöld og helgileik en um leið að fræðast um atburði jólaanna. Barnakórinn syngur nokkur jólalög. Kórstjóri er Valgerður Jónsdóttir. Góður gestur kikir í heimsókn og brallinu lýkur með máltíð.

Sunnudagur 10. desember

Kl. 20: Aðventukvöld Lágafellssóknar í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil, sr. Hólmgrímur og Guðlaug Helga leiða

stundina. Kveikt á aðventukransinum og kirkjukór Lágafellssóknar syngur. Organisti er Árni Heiðar Karlsson. Einsöngur: Bryndís Guðjónsdóttir sópransöngkona. Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu að Þverholti 3, 3. hæð.

Sunnudagur 17. desember.

Kl. 20: Jólalúgungur í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon. Rögnvaldur Borgþórsson sér um tónlistina.

Kyrrðardagar á aðventu í Lágafellskirkju

Kyrrðardagar laugardagana 2. desem-

ber og 9. desember kl. 9-11. Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu.

Gaman saman - eldri borgara samverur Annan hvern fimmtudag í safnaðarheimilinu kl. 14-16 til skiptis við Eirhamra, Hlaðhömrum 2. 30. nóvember: Heimsókn í Hjálpræðisherinn 14. desember: Vöflur og jólalög

Foreldramorgnar - fimmtudaga kl. 10-12 í safnaðarheimilinu. 30. nóvember: Opið hús 7. desember: Opið hús 14. desember: Vöflur og jólatónlist.



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

100% RAFKNÚINN JEEP® AVENGER RAFMAGNAÐUR VERÐLAUNABÍLL

ALLT AÐ 400 KM
MEÐALDRÆGNI
550 KM Í ÞÉTTBÝLI*

*Samkvæmt WLTP staðli

TILBOÐSVERÐ FRÁ
4.990.000 KR.*



1.320.000 KR. VSK HÆKKUN UM ÁRAMÓT

Tökum gamla bílinn uppí – erum liprir í samningum.

KEYRÐU INN Í FRAMTÍÐINA Á FYRSTA 100% RAFKNÚNA JEEP® SÖGUNNAR

Ný kynslóð Jeep® er tilbúin að takast á við allar áskoranir vetrarins. Tryggðu þér 100% rafknúinn Jeep® Avenger áður en skattaívilnanir á rafbíla falla úr gildi. Sjón er sögu ríkari. Við tökum vel á móti þér í sýningarsal okkar í Mosfellsbæ.

*Rauður Longitude 4.990.000 kr. Fullt verð 5.850.000 kr. Takmarkað magn í boði.



EIGUM BÍLA TIL
AFHENDINGAR
STRAX!

 ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16





Diddú og drengirnir nú í Lágafellskirkju

Hinir árlegu aðventutónleikar Diddúar og drengjanna verða að þessu sinni haldnir í Lágafellskirkju vegna viðgerða á Mosfellskirkju. Tónleikarnir fara fram þriðjudaginn 19. desember kl. 20 en þeir hafa verið haldnir árlega í tvo áratugi. Flutt eru adventu- og jólalög í bland við annað efni. Miðasala fer fram við innganginn.



Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini

Á adventunni munu höfundar lesa upp úr verkum sínum í stofunni á Gljúfrasteini. Upplestrar fara fram fjóra sunnudaga fyrir jól enda er fátt notalegra í skammdeginu en að hlýða á góðar bókmenntir. Dagskráin hefst kl. 15 og stendur í um klukkutíma. Sunnudaginn 3. desember munu eftirtaldir höfundar lesa upp úr verkum sínum: Magnús Jochum Pálsson - Manna-kjöt, Sigríður Hagalín Björnsdóttir - Deus, Þórdís Gísladóttir - Aksturslag innfæddra, Þórdís Helgadóttir - Armeló.





Grænni og sjálfbærari bílafloti

Umhverfissvið Mosfellsbæjar vinnur að umbreytingu tækja- og bílaflotans með það að markmiði að notast við umhverfisvæna orkugjafa sem samræmast umhverfisstefnu bæjarins. Myndin sýnir þrjár nýjar sendibifreiðar sem ganga fyrir rafmagni og eina flokkabifreið sem gengur fyrir metani. Innkaupin voru boðin út á árinu og voru til þess fallin að skipta út eldri bifreiðum þjónustustöðvar, Eignasjóðs og Mosfellsveitna sem þjónað hafa stofnunum bæjarins og bæjarbúum.



**JÓLABLAÐ
MOSFELLINGS
KEMUR ÚT
21. DESEMBER**

mosfellingur@mosfellingur.is



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar lögð fram • 945 milljóna króna rekstrarafgangur

Gert ráð fyrir rekstrarafgangi í fyrsta skipti frá árinu 2019



LEIKSKÓLI Í HELGAFELLSHVERFI Í UPPBYGGINGU

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 8. nóvember og er lögð áhersla á ábyrgan rekstur og áframhaldandi uppbyggingu innviða, hátt þjónustustig og lág gjöld til barnafjölskyldna.

Þjónusta við börn og fjölskyldur

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir því að Mosfellsbær verði áfram með lægstu gjöldin í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu en í dag greiða foreldrar 28.284 kr. fyrir átta tíma vistun með fæði.

Bærinn mun enn fremur greiða niður dagvistun hjá dagforeldrum þannig að foreldrar greiði jafnhátt gjald hjá dagforeldrum og á leikskólum til að jafna aðstæður barna. Þá er gert ráð fyrir að börn fædd 1. ágúst 2023 eða fyrr komist inn í leikskóla haustið 2024.

Áhersla verður á farsæld barna og að styrkja Mosfellsbæ enn frekar sem Barnvænt sveitarfélag. Þá verður settur aukinn kraftur í innleiðingu á nýrri menntastefnu og eflingu upplýsingatækni í skólum.

Þjónusta við íbúa sett í forgang

Að sögn Reginu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra verður þjónusta við íbúa Mosfellsbæjar sett í forgang með auknum fjárfestingum í stafrænni umbreytingu í stjórnsýslunni.

Þá verður fjárfest fyrir um 4,9 milljarða brúttó og ber hæst bygging leikskóla í Helgafellshverfi, uppbygging aðalvallar að Varmá og gatnagerð og veituframkvæmdir við athafnasvæði við Blikastaði.

„Við verðum samt að hafa í huga að áætlunin getur breyst á milli umræðna en við erum núna komin með uppfærða verð-

HELSTU TÖLUR

- Heildartekjur eru áætlaðar 21.476 m.kr. og þar af eru áætlaðar útsvarstekjur 11.424 m.kr.
- Tekjur af byggingarétti áætlaðar 600 m.kr.
- Nýframkvæmdir ársins 2024 eru áætlaðar 4,9 milljarðar kr. brúttó.
- Afgangur verður af rekstri A- og B hluta, 945 m.kr. þrátt fyrir hátt fjárfestingarstig.
- Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 2.097 m.kr. eða um 10% af heildartekjum.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts A lækkar til að koma til móts við hækkun fasteignamats svo hækkun verði ekki umfram verðlag.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts atvinnuhúsnæðis lækkar.
- Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 14,74% í samræmi við lögbundna heimild sveitarfélaga.
- Hækkun á gjaldskrár verður til samræmis við breytingar á verðlagi.
- Gert er ráð fyrir að íbúar verði um 13.753 í byrjun árs 2024 og er ætluð íbúafjölgun 2,6%.
- Útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir rekstrarafgangi í fyrsta skipti síðan 2019.

bólguspá frá Hagstofunni sem við verðum að taka mið af við aðra umræðu sem verður 6. desember,” segir Reginna.

Rafræn kosning hafin á mos.is • Íþrótt- og tómsundanevnd stendur fyrir valinu

Kosið um íþróttafólk ársins

Búið er að tilnefna átta konur og ellefu karla til íþróttafólks Mosfellsbæjar 2023.

Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tómsundanevnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins rafrænt á www.mos.is.

Í Mosfellingi í dag má finna kynningu á íþróttafólkunni sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu.

Netkosning stendur yfir frá 30. nóvember til og með 11. desember. Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokk. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 11. janúar.

Núverandi íþróttafólk Mosfellsbæjar eru þeu Thelma Dögg Grétarsdóttir blakkona úr Aftureldingu og Anton Ari Einarsson knattspyrnumaður hjá Breiðabliki.



Ljósinn tendruð

laugardaginn 2. desember


Tendrun ljósanna á jólatrénu á Miðbæjartorginu hefur um árabil markað upphaf jólahalds í bænum.

Tendrunin á sér fastan sess í hjörtum bæjarbúa sem fjölmenna á viðburðinn ár hvert.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar inn í Kjarna frá kl. 15:30. Dagskrá á Miðbæjartorginu hefst kl. 16:00. Barnakór Lága-fellssóknar syngur, börn úr forskóladeild Listaskólans koma fram og söngkonan Stefanía Svavarsdóttir syngur. Gera má ráð fyrir að einhverjir jólasveinanna komi ofan úr Esju þennan dag til að dansa í kringum tréð með börnunum.

Eftir að dansað hefur verið í kringum jólatréð verður haldið inn í Kjarna þar sem Mosfellskórinn mun syngja lög.

Afturelding sér um sölu á heitu kakó, kaffi og vöfflum, Hamrahlíð vinna og virkni (vinnustofur Skálatúns) selur handverk og Kvenfélag Mosfellsbæjar heldur sinn árlega kökubasar.





JÓLABASAR Á HLAÐHÖMRUM

Hinn árlegi jólabasar á vegum félagsstarfs eldri borgara fór fram á Eirhömrum um helgina. Þar var að vanda hægt að næla sér í handunnar vörur á góðu verði.

Allur ágóði basarsins fer til þeirra sem minna mega sín í Mosfellsbæ fyrir jólin. Kór eldri borgara, Vorboðarnir, söng jólalög og boðið var upp á glóðvolgt kaffi.



Myndir/RagnÓla

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU

Bókmenntakynning

í Hlégarði stóra sal 5. desember kl. 13:30
Sigurður Friðriksson, öðru nafni Diddi Frissa, er þjóðsagnapersóna suður með sjó. Hann ólst upp við hermang og amerískar drossiur í Sandgerði og lét duga að læra margföldunartöfluna í skóla. Á hverju ári var hann rekinn úr skólanum. Fáir höfðu trú á honum, enda lítill skilningur á lesblindu, ofvirkni og athyglisbresti á þeim árum. Um þetta má lesa í stórskemmtilegri bók, Lífs saga Didda Frissa, þar sem Diddi segir sögur af ævintýralegu lífi sínu og samferðamenn segja sögur af honum svo úr verður kostuleg sagnskemmtun, krydduð fjórlegum stíl Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns.

Opin æfing

Hjá Vorboðum fyrir alla sem vilja koma og taka lagið með þeim 18. des. kl. 13-15. Æfa í safnaðarheimilinu.

Opið hús/Aðventuhátíð

Menningarkvöld verður mánudaginn 11. desember í Hlégarði klukkan 20. Vorboðarnir undir stjórn Hrannar Helgadóttur syngja og koma okkur í jólaskap við undirleik Helga Hannessonar. Herdís Þorgeirsdóttir mun síðan flytja okkur jólasögu. Kaffinefndin verður með sitt rómaða

kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi er ekki á staðnum).
Með kveðju, menningar- og skemmtinefnd FaMos.

Fræðslunefnd FaMos býður þér þátttöku í spjallhóp

Markmiðið er að fá eldri borgara sem vilja rjúfa félagslega einangrun til að taka þátt í spjallhóp. Hugmyndin er að hópurinn hittist vikulega í fimm skipti. Með þátttöku í slíkum hóp gefst tækifæri til að hitta fólk í svipuðum aðstæðum og spjalla saman með það að markmiði að styrkja sig félagslega. Við óskum einnig eftir aðstoð aðstandenda, til að komast í tengsl við fólk sem gæti nýtt þetta úrræði til að rjúfa einangrun. Nánari upplýsingar og skráning er hjá formanni nefndarinnar, Hrund Hjaltadóttur, í síma 6635675.

JÓLABINGÓ

Miðvikudaginn 6. desember kl. 13:30.
Jólabingó í borðsal Hlaðhamra 2. Aðgangseyri er 500 krónur spjaldið. Glæsilegir vinningar í boði. Hlökkum til að sjá þig. Bingónefnd FaMos og félagsstarfið Mosfellsbæ.

Bókmenntakynning

í Hlégarði stóra sal 12. desember kl. 13
Sögufélag Kjalarnespings og FaMos, Félag aldraðra í Mosfellsbæ bjóða

á bókakynningu í Hlégarði stóra sal þriðjudaginn 12. desember nk. kl. 13. Tveir höfundar kynna bækur sínar og lesa valda kafla úr þeim. Samræður að loknum upplestri: Guðjón Jensson kynnir bók sína Löngu horfin spor. Gunnlaugur Ólafsson Johnson kynnir bók sína Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ.

BASARVÖRUR ENN TIL SÖLU

Enn er nóg af falletum basarvörum til sölu í handverksstofu Félagsstarfsins Hlaðhömrum 2 alla virka daga frá 11-16, föstudaga 13-16. Verið velkomin að skoða. Við erum með posa á staðnum.

Hefur þú gaman af því að tefla ?

Komdu þá í Hlégarð á þriðjudögum, við verðum með nokkur borð. Ekki sitja heima þegar þú getur verið hjá okkur kl. 13-15, alltaf kaffi á könnunni og eitthvað með því.

HITTUMST Í HLÉGARÐI

Alla þriðjudaga kl. 13-15 í vetur. Hlégarður er opinn fyrir allan aldur til að koma saman og njóta samveru og t.d. þrjóna, spila, vefa, tefla, dansa, syngja. Endalausir möguleikar og ýmar heimsóknir og kynningar eru á dagskrá sem er auglýst hverju sinni.

Alltaf verður heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. *Ef þú hefur hugmyndir sem ættu heima í þessum samverustundum, hafðu samband Elvu í síma 6980090 eða elvab@mos.is*

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



STJÓRN FAMOS

- Jónas Sigurðsson** formaður s. 666 1040 jonass@islandia.is
- Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður s. 899 0378 hanna@smart.is
- Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri s. 898 8578 thorsteinn.birgjs@gmail.com
- Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is
- Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi s. 868 2566 polarafi@gmail.com
- Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður s. 894 5677 igg@simnet.is
- Áshildur Þorsteinsdóttir** varamaður s. 896 7518 asath52@gmail.com

Jóla- appdagatal nettó

föstudagur

laugardagur

sunnudagur

1 **50%**
Nóa
konfekt



2 **50%**
Jólaskraut



3 **50%**
Klementínur



mánudagur

þriðjudagur

miðvikudagur

fimmtudagur

4 **50%**
Jólagos frá
Ölgerðinni



5 **40%**
Baylis &
Harding
gjafavara



6 **50%**
Beretta
kjötálegg



7 **50%**
Leikföng



8 **40%**
Quality
Street



9 **30%**
Allar bækur



10 **40%**
Jóla-
smákökur



11 **50%**
Frosnar
nautalundir



12 **40%**
Coke og
Fanta, 1 l



13 **50%**
Bökunar-
vörur frá
Nóa Sírius



14 **40%**
Heill
kalkúnn




15 **40%**
Hamborgar-
hryggur



16 **50%**
Niðursuðu-
vörur



17 **40%**
Spil



18 **40%**
Hangikjöt



19 **40%**
Humar



20 **40%**
Jólaís



21 **30%**
Rjómi



22 **50%**
4x2 l Pepsi
og Appelsín



23 **50%**
Lay's snakk



24 **50%**
Jólanammi



Við kynnum ný og vegleg apptilboð á jóla-
vörum á hverjum degi frá 1. til 24. desember.

Með appinu færðu appslátt
af öllum vörum í hvert
skipti sem þú verslar.
Afslátturinn birtist sem
inneign í Samkaupaappinu.
Inneignina má nýta í
verslunum um allt land.

Sæktu
appið og
byrjaðu að
spara!



nettó

Aðventutónleikar

Diddúar og drengjanna

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna í Lágafellskirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 20

Hátíðleg og notaleg stund í fallegu umhverfi.

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna hafa verið sérstakur tónlistarviðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar í tvo áratugi.

Sigrún Hjálmtýsdóttir og blásarasextett eða „Diddú og drengirnir“ halda sína árlegu aðventutónleika nú í Lágafellskirkju vegna viðgerða á Mosfellskirkju.

Flutt verður aðventu- og jólatónlist í bland við annað.

Miðasala í kirkjunni.

Aðgangseyrir kr. 3.000 en 1.500 fyrir eldri borgara. Einnig er hægt að taka frá miða á netfanginu diddukeli@simnet.is.



Úthlutun lóða við Fossatungu og Langatanga

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt tveggja einbýlishúsalóða við Fossatungu og fjögurra raðhúsalóða við Langatanga.



Einbýli í Fossatungu eru á fallegum stað, ofarlega, í nær fullbyggðu hverfi Leirvogstungu.

Raðhús að Langatanga eru á spennandi þéttingarreit við miðbæ Mosfellsbæjar í Bjarkarholti. Hönnun hverfis sem sækir einkenni sín í aðliggjandi gróna byggð.

Nánari upplýsingar á mos.is/lodir

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

Idol

ÞRENNNA

3 X MIÐSTÆRÐ AF MATSEÐLI

5.900 KR

AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS



Domino's[®]



**GILDIR
FÖS.-SUN.
EF ÞÚ SÆKIR**



Hanna Sím og Einar Þór hafa verið fósturforeldrar í 20 ár • Hassan og fjölskylda þakklát fyrir góðvild í sinn garð

Fjölskyldan loksins sameinuð í Mosfellsbæ eftir erfiðan aðskilnað

Hjónin Hanna Símardóttir og Einar Þór Magnússon hafa í gegnum árin tekið að sér fjölmörg fósturbörn í bæði skammtíma- og langtímavistun.

Það var svo í janúar 2021 að Hassan Rasooli kom til þeirra. Hassan var þá 14 ára gamall og hafði komið til Íslands skömmu áður sem flóttamaður en foreldrar hans og systkini voru enn í Íran.

„Fyrstu tvo mánuðina sem Hassan var hjá okkur vorum við að biða eftir að hann fengi vernd á Íslandi. Eftir að Útlendingastofnun hafði samþykkt það byrjaði vinnan við að sameina fjölskylduna, sem á endanum tókst og nú búa þau öll hérna í Mosfellsbæ,“ segir Hanna sem er ánægð með hvernig Mosfellsbær stendur að móttöku flóttafólks.

Á flóttu í átta mánuði

Fjölskylda Hassans er frá Afganistan þau fluttu til Íran þegar hann var um fjögurra ára gamall. Þar bjuggu þau sem flóttamenn þar til þau komu til Ísland þann 14. september. Flótti Hassans frá Íran var langt og erfitt ferli.

„Það tók mig um átta mánuði að komast hingað, ég flúði fyrsti frá Íran til Tyrklands, þar dvaldi ég í sex mánuði, var að vinna í verksmiðju ásamt fleira fólki í sömu stöðu og ég. Við bjuggum öll saman í litlu húsi og unnum í verksmiðjunni, maðurinn sem hjálpaði okkur til Ítalíu skaffaði okkur bæði þetta húsnæði og vinnuna,“ segir Hassan sem þarna var 14 ára gamall, einn í ókunnu landi í erfiðum aðstæðum og vissi ekki hver næstu skref í hans lífi yrðu.

» **Hassan er svakalega flottur og duglegur strákur, hann var mjög fljótur að læra íslensku og bjarga sér á allan hátt.**

Þakklátur fyrir íslensku fjölskylduna

„Við fórum svo með bát frá Tyrklandi til Ítalíu, við vorum um 200 manns í þessari ferð. Við vorum fimm daga á siglingu og það var hvorki vatn né matur í boði og enginn gat lagst niður, við stóðum allan tímann. Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa endað hér á Íslandi, Hanna og Einar eru einstakar manneskjur sem hafa breytt lífi okkar fjölskyldunnar. Við munum vera þakklát þeim til æviloka,“ segir Hassan en það tók um tvö ár fyrir foreldra hans og systkini að komast til Íslands. En hann saknaði þeirra óskaplega mikið og þau hans meðan á aðskilnaðinum stóð.

Talar mjög góða íslensku

„Hassan er svakalega flottur og duglegur strákur, hann var mjög fljótur að læra íslensku og bjarga sér á allan hátt. Hann byrjaði fljótt í 10. bekk Kvíslarskóla þar sem honum var vel tekið af bæði kennurnum og nemendum. Eignaðist góða vini sem margir eru enn saman í Borgó þar sem hann er núna á bifvélavirkjabraut.

Hann byrjaði strax í fótbolthanum og svo er hann líka í karate. Hann hefur unnið með skólanum og er að safna sér fyrir bíl, enda bílprófið handan við hornið. Og nú er hann duglegur að hjálpa fjölskyldunni að læra íslenskuna og þau öll áhugasöm um að aðlagast íslenskum hefðum og venjum,“ segir Hanna.

Fjölskyldan sameinuð

Fjölskylda Hassans, þau Mousa og Zahra, Ehsan 17 ára



Í BUGÐUTANGANUM: HANNA SÍM, ZAHRA, EHSAN, PARISA, HASSAN, EINAR OG MOUSA



FJÖLSKYLDAN Í ÍRAN

og Parisa 12 ára komu svo loks til Íslands í september, það voru heldur betur fagnaðarfundir.

„Þau byrjuðu á að búa öll hjá okkur Einari, svo fengu þau íbúð með hjálp þeirra sem taka á móti flóttafólki hjá þessum. Mig langar að taka það fram hve vel er staðið að þessum málum hér í bæ, flott ferli og virkilega verið að kenna fólkinu á lífið hér á landi og gera þau sem allra mest sjálfstæð og örugg,“ segir Hanna og bætir við að þau séu öll svo ánægð með lífið í Mosfellsbæ.

Hlakka til að gefa til baka

Að lokum báðum við fjölskylduna að segja okkur hvað það væri það skrítnasta við Ísland og hvað það var sem kom þeim á óvart. Það stóð ekki á svörum hjá þeim og þótti þeim kuldinn og myrkrið það skrítnasta.

Það sem kom þeim mest á óvart var fólkið og góðvildin sem þau mæta alls staðar og hve allt er frjálst. Þau hlakka til að geta lagt eitthvað til samfélagsins og gefa til baka.

Beauty Star

Munið að bóka tímanlega fyrir jólin

Gjafakort / Gjafaöskjur

Snyrtistofan BeautyStar, Sunnukrika 3, s. 868-7827

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



Velkomin í Hamrahlíð

Jólasjógurinn

opnar laugardaginn

9. desember kl. 13:00



LEIKHÓPURINN LOTTI

Evintýrapersónur frá Leikhópnum
Lottu kl. 13:30

Skemmtilegar gönguleiðir



Heitt kakó á bodstólnum



Forseti bæjarstjórnar heggur fyrsta jólatréð



Mosfellskórinn tekur á móti gestum



Jólasveinar á ferdinni

Notaleg fjölskyldustund



JÓLATRJÁASALA Í HAMRAHLÍÐ
við Vesturlandsveg 9.-23. desember

Opið kl. 10-16 um helgar

Opið vikuna 11.-15. des. kl. 14-17 og vikuna 18.-22. des. kl. 12-17

Opið á Þorláksmessu kl. 10-16



Mosfellsbær



BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

selur lifandi jólatré með rót
í pottum og furutoppa

Mikið úrval - Tilvalið til skreytinga utandyra

SÍMI 8672516

Jólaskógurinn í Hamrahlíð verður opinn
frá 9. desember til 23. desember.

Getum tekið á móti litlum hópum
á öðrum stað eða öðrum tíma.

**VELJUM
ÍSLENSK
JÓLATRÉ!**



s. 867-2516
skogmos@skogmos.is

Alla leið á öruggari dekkjum



Bókaðu tíma
í dekkjaskipti
í N1 appinu



Cooper Discoverer Snow Claw

Hannað fyrir krefjandi vetraraðstæður
Mjúk gúmmiblanda fyrir hámarksafköst
við lágt hitastig
Afburðagott grip, neglanlegt
SWR og 3PMS merking



Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður
Mikið skorið og stefnuvirkt mynstur
fyrir jeppa og jeplinga
Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



Cooper Discoverer Winter

Mikróskorin óneglanleg vetrardekk
Afburða veggrip og stutt
hemlunarvegalengd
Mjúk í akstri með góða
vatnslosun

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisiðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
Klettagörðum	440-1365	Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Notaðu
N1 kortið



N1

ALLA LEIÐ

ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR

VIP borð
í sölu
1. DES
á midiX.is
195.000 kr



LAUGARDAGINN 20. JANÚAR!

Almenn sala
hefst 8. des á midiX.is
14.500 kr

Steindi og
Auddi
veislustjórar!

María Ólafs og Jónsi
halda uppi stuðinu
ásamt hljómsveit!

 @thorrablót





20. Vísindadagur Reykjalundar

Nú í nóvember fór fram árlegur Vísindadagur Reykjalundar en dagurinn var haldinn í 20. skipti.

Á dagskránni voru sjö áhugaverð erindi þar sem kynntar voru rannsóknir sem tengjast starfsemi Reykjalundar auk yfirlits-erindis um rannsóknastarf á Reykjalundi.

Vísindadagurinn var fjölsóttur og tókst

mjög vel.

Á myndinni eru frá hægri þær Marta Guðjónsdóttir rannsóknastjóri Reykjalundar og svo Vísindaráð Reykjalundar, þær Inga Hrefna Jónsdóttir sálfræðingur, Sóley Guðrún Þráinsdóttir læknir og Kristín Hólmgeirsdóttir sjúkrapjálfari.

Markaður í Ásgarði á laugardaginn



Ásgarður Handverkstæði verður með sinn árlega jólamarkað og kaffisölu í húsnæði Ásgarðs í Álafosskvos á laugardaginn kl. 12-17. Allar leikfangalínur Ásgarðs verða til sýnis og sölu, einnig verður selt kaffi, súkkulaði og kókur gegn vægu gjaldi. Góðir gestir líta í heimsókn og taka nokkur lög. Fátt er betra en að byrja jólaundirbúninginn á því að fara í Ásgarð laugardaginn 2. desember, kaupa jólagjafir og setjast síðan við borð með listamönnum Ásgarðs og drekka heitt ekta súkkulaði með rjóma.

JÓLATÓNLEIKAR
GRETU SALÓME
ÁSAMT GESTUM, HLJÓMSVEIT OG KÓR

HLÉGARÐUR, 15. DESEMBER KL 20:00
SÉRSTAKIR GESTIR ERU JÚLÍ HEIÐAR OG BJÖRGVIN FRANZ
MIÐASALA Á midix.is

INGIBJÖRG VALSDÓTTIR

Að breyta heiminum

TEIKNINGAR: LILJA CARDEW

Að breyta heiminum

Ævintýrleg saga um að finna eigið hugrekki - og í leiðinni jafnvel tilganginn með öllu saman.

„Skemmtilega öðruvísi bók.“

Rebekka Sif – Lestrarklefinn

Ingibjörg Valsdóttir lauk MA-prófi í hagnýtri ritsjórn og útgáfu frá Háskóla Íslands. Ingibjörg er gefin fyrir lestur, spjall og almenn notalegheit.

Hennar uppáhaldsiðja er að skrifa og þýða.



FULLT HÚS AF GLEÐI



PÖBB QUIZ

7. DESEMBER KL. 21

**NEI.
HÆTTU
NÚ ALVEG**



PÖBB QUIZ

14. DESEMBER KL. 21

**TEBODIÐ.
BIRTA LIF &
SUNNEVA**

KEILA KARAOKE PÍLA PIZZA SPORTBAR SHAKE AFMÆLI HÓPEFLI



GIGG

15. DESEMBER KL. 22

**PRETTY-BOI-
TJOKKO &
GÚSTI B.**



PÖBB QUIZ

21. DESEMBER KL. 21

**HÆ HÆ MEÐ
HELGA OG
HJALMARI**



GIGG

22. DESEMBER KL. 22

**HÖRÐUR &
PETUR**



PÖBB QUIZ

28. DESEMBER KL. 21

DR. FOOTBALL

**ÞÚ GETUR BÓKAÐ Á KEILUHOLLIN.IS
OG Í SÍMA 5 11 53 00**

Keiluhöllin
EGILSHÖLL



Íslenskur kalkúnn í veisluna



KALKÚNN FRÁ
ÍSFUGLI ER
REKJANLEGUR
TIL BÓNDA



Uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á isfugl.is





VORVERK.IS

ÞVERHOLTÍ 2 | MOSFELLSBÆ | 665 7200

VELKOMIN Í VERSLUNINA Á NEÐSTU HÆÐ KJARNANS Í MOSÓ

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga til jóla kl. 11-18. Allar vörur einnig aðgengilegar í vefverslun.



SOFFÍA, IRIS OG BERGLIND



DAGNÝ LAXDAL, ELÍN GUÐNÝ, MARÍA PETA OG RAGNHEIÐUR SJÖFN

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar tekur þátt í átakinu „Roðagyllum heiminn“ • Þekktu rauðu ljósin

HÉLDU GLÆSILEGT VINKONUKVÖLD

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar stóð fyrir glæsilegu vinkonukvöldi í Hlégarði þann 12. október. Boðið var upp á glæsilegar veitingar og frábæra skemmtidagskrá ásamt því að seldir voru happdrættismiðar í fjáröflunarskyni.

Markmið kvöldsins var að kynna hreyfingu Soroptimista fyrir konum í bæjarfélaginu og afla fjár fyrir 16 daga alheimsátak Soroptimista „Roðagyllum heiminn“ (e. Orange the world) sem er nú í hámarki en átakið stendur yfir dagana 25. nóvember til 10. desember ár hvert.

Ótal einstaklingar og fyrirtæki lögðu lið með styrkjum og gjöfum til að gera kvöldið sem veglegast og eru þeim færðar góðar þakkir. Allur ágóði fjáröflunarinnar rennur óskiptur til styrktarverkefna sem tengjast átakinu.

Vekja athygli á kynbundnu ofbeldi

Soroptimistar um allan heim slást í för með u.þ.b. 6.000 samtökum í 187 löndum, sem leidd eru af Sameinuðu þjóðunum, til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum með þátttöku í 16 daga átakinu.

Roðagyllti liturinn sem er litur átaksins táknar bjartari framtíð án ofbeldis. Yfirskrift átaksins er „Þekktu rauðu ljósin“ og



BERTA, GUÐNÝ OG BRYNDÍS



SÓLRÚN, INGIBJÖRG, GUÐFINNA OG JÓNA

felst í fræðslu um hvernig koma megi auga á og stöðva ofbeldi í nánnum samböndum. Áherslan í ár snýr að gedheilbrigði, þar sem sjónum er beint að mikilvægi þess að hlúa að andlegri heilsu til að hafa viðspyrnumátt gegn kynbundnu ofbeldi.

Lýsa upp kennileiti í Mosfellsbæ

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar lætur ekki sitt eftir liggja og mun eins og fyrri ár lýsa upp byggingar, sundlaugar og kirkjur í bæjarfélaginu ásamt því að fallegi

Álafossinn okkar í kvosinni verður baðaður roðagylltu ljósi.

Bókasafn Mosfellsbæjar setur upp fyrir klúbbinn bókahillu þar sem er að finna sjálfsvísisögur kvenna sem lent hafa í ofbeldi ásamt ýmsu öðru efni sem tengist málefnum og Mosfellsbakarí mun sem áður selja roðagyllta snúða til styrktar átakinu.

Stuðla að jákvæðri heimsmynd

Á hverju ári er leitast við að vekja meiri athygli á málefnum og er hægt að taka þátt

með ýmsum hætti og hafa samband í gegnum ritarisoromos@gmail.com

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlega vináttu og skilning að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu.

Jóla kirkju BRALL

sunnudaginn 3. desember kl. 13 - 15 í Lágafellskirkju



Aðventustund barnastarfsins lýkur á samveru með föndri, jólatrésækt, ratleik, skreyta piparkökur, fjárhúsháttur & helgileik en um leið fræðast um atburði jólaanna Barnakórinn syngur nokkur jólalög
Kórstjóri: Valgerður Jónsdóttir
Góður gestur kíkir í heimsókn & brallinu lýkur með máltíð

lagafellskirkja.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Laugardagurinn
9. desember kl. 14.-17

Jóla markaður í Hlégarði

Skemmtilegar upptakomur á sviði

kl. 14:00 - *Dúettinn Gleym-mér-ei*
kl. 14:30 - *Leikhópurinn Lotta*
kl. 15:00 - *Kvennakórinn Stöllur*
kl. 15:30 - *Alriði frá Listaakademíunni*
kl. 16:00 - *Varmarkórin*
kl. 16:30 - *Daniel Moss*

Jólasveinar á ferðinni kl. 15

Verslum í
heimabyggð!

Yfir 30 sölubásar á svæðinu

- Jako
- Myndó
- Skálatún
- Kjötbúðin
- Rösk vinnustofa
- Ugly handverk
- Esjaspirits
- Inga Elín
- Gærur frá Hrisbrú
- ApaCare heilsuvara

- Sigurbjörg prjónaverslun
- Listapúkinn
- Brynja Guðmunds
- Afturelding
- Listaakademían
- 2810 Chocolates
- Hanna Gull
- Iceland Freeze Dry

- Gjóla
- Karlar í skúrum
- Ristaðar möndlur
- Sigurveig
- Kiwanisklúbburinn Mosfell
- Demantamyndir Steinamyndir
- Lionsklúbburinn Úa
- Kaffisæti
- Snyrtistofan BeautyStar
- Handverkstæðið Ásgarður
- Sugo Pestó og Balsamic
- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar



Jólin á Blík Bistro

JÓLASEÐILL BLÍK BISTRO 21.NOV-23.DESEMBER

7 RÉTTA MATSEÐILL

KVÖLDIÐ BYRJAR Á 5 FORRÉTTUM TIL AÐ DEILA

- REYKT ANDABRINGA MEÐ HEIMALÖGUÐU REMÚLADI OG STEIKTUM LAUK
- VILLIBRÁÐA PATÉ MEÐ CUMBERLAND SÓSU
- GRAFLAX Á LAUFARBRAUÐ
- REYKT BLEIKJA MEÐ DILLDRESSINGU
- GRAFID ÆRLÆRI MEÐ BLÁBERJACOMBOT

AÐALRÉTTUR

GRILLAÐUR KRÓNHJÖRTUR BORIN FRAM MEÐ AÐALBLÁBERJASÓSU, TRUFFLUKARTÖFLUM, KREMUÐUM SVEPPUM OG EPLASALATI

EFTIRRÉTTUR

RIS A LA MANDE MEÐ SALTKARAMELLU, RISTUÐUM MÖNDLUM OG HINDBERJA SORBET

9.990KR Á KVÖLDIN
7.490 KR HÁDEGI



 **ALLT**
FASTEIGNASALA

Sérsniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

HLÉGARÐUR

dagskrá í desember



HITTUMST Í HLÉGARÐI

Alla þriðjudaga kl. 13-15

Félagsstarfið í Mosfellsbæ stendur fyrir samveru alla þriðjudaga fyrir fólk á öllum aldri. Hannyrðir, spil, heitt kaffi á könnunni og góður félagsskapur í notalegu umhverfi.



STEBBI JAK

2. DES

Föstudagslögin
ásamt Hafþóri Val
Midix.is

Laugardaginn 2. desember verður föstudagslagastemning í Hlégarði. Stebbi JAK ásamt Hafþóri Val flytja mörg af bestu lögum í heimi, jólaög og ýmislegt fleira - www.midix.is.



Jóla markaður

Hlégarður
Laugardaginn 9. desember

Glæsilegur jólamarkaður verður haldinn í Hlégarði laugardaginn 9. desember kl. 14-17. Yfir 30 sölubásar um allt hús og skemmtiatriði á sviði. Verslum í heimabyggð!

JÓLATÓNLEIKAR LISTASKÓLANS

Fjöldi tónleika á vegum Listaskólans fer fram í Hlégarði 7.-13. desember. Nánar um jólatónleika tónlistardeildar Listaskóla Mosfellsbæjar á listmos.is og facebook.com/listmos



Adventuhátíð eldri borgara

11. DESEMBER

Opið hús/menningarkvöld á vegum FaMos laugardaginn 11. desember kl. 20. Vorboðarnir syngja og Herdí Þorgeirsdóttir flytur jólasögu. Kaffinefndin með sitt rómaða kaffihlaðborð.



JÓLATÓNLEIKAR GRETU SALÓME

ÁSAMT GESTUM, HLJÓMSVEIT OG KÓR

SÉRSTAKIR GESTIR ERU JÚLÍ HÍÐAR OG BJÖRGVÍN FRANZ
HLÉGARÐUR, 15. DESEMBER KL 20:00
MIÐASALA Á midix.is

Hátíðlegir og fjölbreyttir jólatónleikar föstudaginn 15. desember ásamt hljómsveit, gestum og barnakór. Einnig tvennir tónleikar fyrir Grindvíkinga sunnudaginn 17. desember.



BLURBI

ÞORLÁKSMESSA

HLÉGARÐUR
6. DESEMBER

Þorláksmessutónleikaröð Bubba Morthens hefst í Hlégarði miðvikudaginn 6. desember. Einn með gítarinn og perlar sín þekktustu lög á kvöldsins festi. Uppsett er á tónleikana.



HLÉGARÐUR Á ÞORLÁKSMESSU

Skötu hlaðborð

...að hætti Vignis

Í HÁDEGINU
11:30
13:30

LIFANDI TÓNLIST

TRYGGDU ÞÉR SÆTI Á TIX.IS

6.900 KR.

Hjð margrómaða skötu hlaðborð Vignis snýr aftur í hádeginu á Þorláksmessu. Trúbadorinn Bjarni Ómar á gítarum. Borðapantanir á Tix.is. Hægt að velja um kl. 11:30 og 13:30.



HELGA MÖLLER OG BAKLANDIÐ

Víð komum með Jólum til þín

Hlégarður, Mosfellsbæ
ÞORLÁKSMESSA - 23. des. - kl. 21.00

★ Miðaverð 4.500 kr ★ Víðasala er á midix.is ★

Helga Möller ætlar að koma öllum í hátíðarskap í Hlégarði. Tónleikar ásamt glæsilegri hljómsveit á Þorláksmessukvöld kl. 21:00. Miðasala á midix.is



Áramótahall?

Hefð hefur skapast fyrir alvöru áramótapartýi í Mosfellsbæ í gegnum árin að loknum sprengingum á gamlárskvöld. Áramótin í Hlégarði auglýst síðar ef stemning er fyrir því.

FRAMUNDAN Í BANKANUM



FYLGSTU MEÐ Á
FACEBOOK OG INSTAGRAM



Í DESEMBER

ÍPRÓTTAMÁNUÐURINN RENNUR Í GARÐ

Allir helstu leikirnir verða í beinni í Bankanum

HM KVENNA Í HANDBOLTA

MEISTARAEILDIN

ENSKI BOLTINN

BORGARI & BJÓR Á 3000 KR Á MEÐAN Á LEIK STENDUR.



Í DESEMBER
ALLA FÖSTUDAGA

LIFANDI TÓNLIST

Lifandi tónlist öll föstudagskvöld í Bankanum í desember



7. DES
FIMMTUDAGUR

HÁTÍÐARBINGÓ FULLORÐNA FÓLKSINS.

Fimmtudaginn 7. desember verður haldið jólabingó Bankans.

Glæsilegir vinningar að vanda og okkar besti stjóri, Hilmar Gunnarsson stýrir ferðinni. Forsala spjalda verður á bankinnbistro.is



12 - 14 DES
FIMMTUDAGUR

LOKA-VIKA Í MEISTARAEILDINNI

Sýnum alla helstu leikina í umferðinni.

BORGARI & BJÓR Á 3000 KR Á MEÐAN Á LEIK STENDUR.



16. DES
LAUGARDAGUR

LIVERPOOL - MANCHESTER UNITED

Allir alvöru áhugamenn um enska boltann láta þennan leik ekki fram hjá sér fara!

BORGARI & BJÓR Á 3000 KR Á MEÐAN Á LEIK STENDUR.

  **bankinnbistro**



SPORTIÐ
í beinni

BORGARI & BJÓR
3000 KR

*Á MEÐAN Á LEIK STENDUR

CARLSBERG
BANKINN
BISTRO



HÁDEGISMATUR

— — — — —

ALLA
VIRKA DAGA

11:30 - 14:00

BANKINN
BISTRO



HAPPY
Hour

← — — — — →

16 - 18
ALLA DAGA

SPORTIÐ
í beinni

BOLTINN
Í BEINNI

VIÐ SÝNUM FLESTA LEIKI
Í BEINNI ÚTSENDINGU Á
BANKNUM BISTRO

HÁTÍÐARBINGÓ

BANKANS
BISTRO

7. DESEMBER

BÓKAÐU BORD Á
BANKINN.BISTRO.IS

BINGÓSTJÓRI:
HILMAR MÓSFELLINGUR

Veislu
þjónusta

BANKINN.BISTRO.IS



miniborgarar · smáréttir · eftirréttir

BANKINN
BISTRO

JÓLABORGARINN '23
Í BODI ALLAN
DESEMBER



BANKINN
BISTRO

alla
föstudaga



lifandi
tónlist

LIFANDI TÓNLIST
ALLA FÖSTUDAGA Í DESEMBER

ÁRAMÓTABINGÓ

28.12.23

VEGLEGIR VINNINGAR

BANKINN
BISTRO



Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar var haldið 15. nóvember


Höfundar sækja safnið heim

Fimm höfundar lásu upp úr verkum sínum og tóku þátt í umræðum sem Sunna Dís Másdóttir, skáld og gagnrýnandi Kiljunnar, stýrði. Rithöfundarnir sem sóttu bókasafnið heim voru þau Bergþóra Snæbjörnsdóttir (Duft), Friðgeir Einarsson (Seratónínendurupptökuhemlar), Guðmundur Pétursson (Óll nema fjórtán: sögur úr Vesturbænum og víðar), Sverrir Norland (Kletturinn) og Sólveig Pálsdóttir (Miðillinn). Áður en dagskrá hófst léku Sigurjón Alexandersson og Ævar Örn Sigurðsson ljúfa tóna á gítar og bassa. Var það mál manna að kvöldið væri einstaklega vel heppnað.

Laugardaginn 18. nóvember var svo komið að Bókmenntahlaðborði barnanna. Þrír stórskemmtilegir höfundar kynntu og lásu úr nýútkomnum bókum sínum, gestum til mikillar ánægju og skemmtunar. Þetta voru þau Yrsa Pöll Gylfadóttir (Bekkurinn minn: Bumba er best!), Eva Rún Þorgeirsdóttir (Hættuför í huldubýggð) og Sævar Helgi Bragason (Hamfarir).



YRSA PÖLL, EVA RÚN OG SÆVAR HELGI



Bókasafn Mosfellsbæjar

Aðventu- tónleikar

Mögil heldur aðventutónleika í Bókasafninu þann 12. desember. Þar mun hljómsveitin flytja tónlist af disknum AÐVENTA sem gefinn var út af hinu virta útgáfufélagi Winter & Winter í Þýskalandi árið 2019. Tónlistin og textarnir eru undir áhrifum hinnar sígildu skáldsögu Aðventu eftir rithöfundinn Gunnar Gunnarsson (1889-1975) og á tónleikunum mun Orri Huginn Ágústsson leikari lesa valinn texta úr bókinni. Það er einstök upplifun að hlusta á tónlistina og upplesturinn á sögunni um Benedikt og ferðalag hans um hálendið í leit að sauðfé. Í gegnum tónlistina upplifir áheyrandinn stórkostlegt landslag, fimbulfrost og fárviðri, en einnig góðmennsku, hlýju, kyrrð og ró ásamt mikilli einangrun og brostnum vonum. Söngkona hljómsveitarinnar er Heiða Árnadóttir, Hilmar Jenson spilar á gítar, Kristín Þóra Haraldsdóttir á víólu, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet og Joachim Badenhorst á klarinett. Viðburðurinn er styrktur af lista- og menningarsjóði Mosfellsbæjar. Ókeypis inn og öll velkomin.

ÞORRI OG ÞURA
Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR
7. DESEMBER KL. 17

Álfavinirnir góðu kíkja í heimsókn í bókasafnið og gleðja með leik og söng.

Öll velkomin!

LISTAMANNASPJALL
FIMMTUDAGINN 14. DES. KL. 16

Allt sem ég sá
Georg Douglas
24. nóv. - 22. des. 2023

Listasalur Mosfellsbæjar
Þverholt 2, 270 Mosfellsbær



LISTA AKADEMÍAN

Skráning og nánari upplýsingar á
www.listaakademian.is

Tónlistarnám

Krúlafjör

Fyrir 3 mánaða
til 2 ára og
foreldra

Suzukinám

Fiðlukennsla
3 ára og eldri

Fiðlunám fyrir lengra komna

Fiðlunemendur
sem hafa
lokið miðprófi

Söngnám

Fyrir 5-16 ára
Fyrir fullorðna

20%

afsláttur af öllu Hill's fóðri í desember
Úrval af sjúkra- og heilfóðri

Vísindalega þróuð næring. Bætt heilsa, betra líf.
Fyrir allan aldur, stærðir og mismunandi þarfir.

DÝRALÆKNIRINN MOSFELLSBÆ

Urðarholti 2

Sími 566 5066

Opið: virka daga kl 9-17



MÆLT MEÐ AF
DÝRALÆKNUM
UM ALLAN HEIM



betra líf fyrir
besta vininn



Jóga er tenging við hinn innri mátt

Jóga er talið elsta mannæktarkerfi veraldar og miðar að þroskun líkama, hugar og sálar. Orðið jóga þýðir tenging eða sameining við hinn innri mátt. Allir geta stundað jóga óháð aldri eða líkamlegri getu og það er aldrei of seint að byrja.

Íris Dögg Oddsdóttir fór í jógakennarnám til Rishikesh á Indlandi. Hún leiðir nú námskeið í jóga hjá GoMove og Mjölni ásamt því að vera með hleðsluhelgar á hótélum víða um land.

Íris Dögg er fædd í Reykjavík 25. maí 1983. Foreldrar hennar eru Guðrún Jónsdóttir bókari og Oddur Þórðarson rannsóknarmaður hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Systkini Írisar eru Þórður f. 1966, Þórdís Anna f. 1972, Jón Finnur f. 1976 og Vignir Örn f. 1978.

Ljúft að alast upp í Barrholti

„Ég er alin upp í Barrholtinu, foreldrar mínir byggðu þar hús 1981 og búa þar enn. Það var ljúft að alast upp í þessari götu, yndislegir nágrennar og hverfið stútfullt af börnum. Á auða svæðinu milli Bergholts og Barrholts var leik- og fótboltavöllur, þar lékum við okkur mikið. Þar var líka fyrsti kossinn og fyrstu og einu slagsmálin,“ segir Íris Dögg og brosir.

„Ég á góða fjölskyldu og minningarnar eru margar og þá sérstaklega við eldhúsborðið því það var alltaf matur hjá mömmu klukkan 19:00, þá komu allir heim.“

Góðar minningar frá Gufunesi

„Við systkinin vorum mikið í Gufunesi á okkar yngri árum og við eigum frábærar minningar þaðan. Afi og Hjálmar sem var eins og þriðji afi okkar voru með hesthús á þessu svæði en þeir unnu báðir hjá Áburðarverksmiðju ríkisins.

Þetta var alvöru sveit í borg með heyskap og girðingarvinnu. Þetta var minn öryggisstaður ef ég loka augunum, inni í hlöðu, í rólunni eða liggjandi út í haga.“

Tókum inn sitthvorn hestinn

„Það var eftirminnilegt þegar við fengum að ríða á hestunum með afa og Hjálmar frá Gufunesi upp í Mosfellsbæ og alla leið heim í Barrholt. Mig dreymdi alltaf um að geta haft hestana á Varmárbökkum í hesthúshverfinu og það fór svo að árið 1994 tókum við systurnar inn sitthvorn hestinn. Systir mín flutti síðan til Kaupmannahafnar og ég var því ein með hestana þann veturinn en



Fjölskyldan við Dettifoss 2020. Haraldur Árni, Hjálmar Þór, Íris Dögg, Logi og Leó.



Eftir Ruth Örnólfsdóttir
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

þó aldrei ein því foreldrar mínir studdu alltaf við bakið á mér.

Það var líka vel hugsað um mann í hesthúshverfinu, mikið af góðu fólki og ég á Presti Karlssyni vini mínum mikið að þakka, ég fékk inni hjá honum í húsi og hann hjálpaði mér óendanlega mikið og hefur alltaf gert.“

Starfaði á hestaleigu

„Ég gekk í Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og leið alltaf vel í skólanum. Við stelpurnar vorum lengi í fótbolta en svo færðum við Ása vinkona okkur yfir í handbolta. Á sumrin passaði ég börn, sinnti hestunum mínum, starfaði á reiðnámskeiði, var í unglíngavinnunni og nokkur sumur starfaði ég á hestaleigunni á Reynisvatni, þaðan á ég yndislegar minningar.

„Ég fór í Menntaskólann við Sund en skipti svo yfir í Borgarholtsskóla og kláraði stúdéntinn 2003. Með námi starfaði ég hjá World Class en eftir stúdéntinn vissi ég ekki hvað ég vildi gera svo ég hélt áfram störfum þar.“

Við getum hlaðið okkur orku

„Í World Class fór ég í minn fyrsta jóga-tíma, þá kviknaði ljósið og ég fann þennan innri frið sem fylgir þessari iðkun. Síðar á lífsleiðinni eða árið 2018 skellti ég mér í jóganám til Rishikesh á Indlandi. Þegar kom að því að finna starf á þeim vettvangi hér heima þá lá beinast við að ræða við eigendur World Class. Hafðis hvatti mig áfram og ég vona að mér hafi tekist að kveikja jóganæista hjá iðkendum.

Jóga þýðir sameining, á einstaklingssálinni og alheimssálinni, þegar við köfum dýpra þá finnum við þessa tengingu, að

eitt er allt og allt er eitt. Ég trúir því að við getum hlaðið okkur orku og vellíðan með jóga og tengingu við náttúruna. Við losum um ákveðin boðefni innra með okkur og komum auga á falleg augnablik þegar við leyfum okkur að vera hér og nú en ekki föst í fortíð og framtíð.“

» **Þetta var minn öryggisstaður ef ég loka augunum, inni í hlöðu, í rólunni eða liggjandi út í haga.**

Nýtur þess að bröla um landið

„Ég hóf nám í Háskóla Íslands í líffræði en eftir fyrstu önnina skipti ég yfir í dönsku. Ég útskrifaðist 2010 og fór í framhaldi í kennslufræði. Ég starfaði sem dönskukennari við FMOS á árunum 2011-2016. Það var dásamlegt að koma inn í skóla sem fór algjörlega eftir nýjum vísindum og stefnum í kennslufræðum.

Samhliða kennslunni starfaði ég tvö sumur á ferðaskrifstofu og eftir það fór ég í leiðsögunám. Eftir að ég hóf störf sem leiðsögumaður uppgötvaði ég að það væri mikilvægt að hafa meirapróf svo ég bætti því við. Ég tek að mér stök verkefni og nýt þess að bröla um landið með ferðamenn.“

Ákveðin liðsheild sem myndast

Sambýlismaður Írisar er Haraldur Árni Hróðmarsson knattspyrnuþjálfari. Sonur þeirra er Hjálmar Þór f. 2020 en fyrir átti Íris þá Loga f. 2005 og Leo f. 2010. Íris Dögg hefur undanfarnin ár starfað sem flugfreyja hjá Icelandair og líkar vel.

HIN HLIÐIN

Besta gjöf sem þú hefur fengið? Lífið, alls ekkert drama, var næstum því búin að tapa því í fyrria.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Úti að leika og í jóga.

Fallegasti staður á landinu? Fjallabak.

Hvað drífur þig áfram? Að vera heilbrigð fyrirmynd fyrir börnin mín og kannski almenn tilhlökkun, hvað gerist næst og hvaða útsýni er þarna uppi.

Best á grillið? Humar.

Uppáhaldsverslun? Ekóhúsið og Ethic verslun.

Við hvaða aðstæður færðu gæsaþú? Einlægni.

Skemmtilegasta gangan? Fjölskylduganga á Snæfellsjökul þar sem við nutum útsýnis, náttúran nærir.



SYSTKININ Í SUMARBÚSTAÐ ÁRIÐ 1990



VIÐ ÁNA GANGA



EFTIR ÁREKSTURINN

„Árið 2015 hvatti Lára vinkona mín mig til að sækja um sumarstarf hjá Icelandair. Ég lét tilleiðast og verð alltaf þakklát fyrir það því eftir fyrsta sumarið fann ég að mig langaði til að halda áfram og ég kvaddi því FMOS með trega.

Ég elska flugið og samstarfsfólk mitt, þetta er lifandi starf og enginn dagur er eins. Það er ákveðin liðsheild sem myndast um borð og það er gott að vinna á þannig vinnustað.“

Bíllinn kom á miklum hraða

Í apríl 2022 var Íris að koma heim úr flugi frá Stokkhólmi þegar keyrt var á bíl hennar við hringtorg í Mosfellsbæ. Hún var kyrrstað þegar pallbill kom á miklum hraða og keyrði aftan á hana. Íris missti meðvitund og var flutt á sjúkrahús með áverka á höfði. Viku eftir slysið var hún lögð inn á gjörgæslu þar sem hún lá í fimm daga. Íris er enn að glíma við eftirköstin en segist aldrei hafa misst trúna á að hún myndi ná fullum bata.

„Í dag er ég í 50% starfi hjá Icelandair og stjórnendur þar hafa reynst mér vel. Ég starfa einnig sem jógakennari en ég leiði námskeið hjá GoMove og Mjölni. Árið 2020 setti ég á stofn mitt eigið verkefni sem ég kalla irisযোগabliсс, þar blanda ég saman jóga og útivist með það að markmiði að hjálpa fólki við að bæta heilsu og vellíðan. Ég hef líka verið með svokallaðar hleðsluhelgar á hótélum úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu.

Ég veit að ég get gert gagn með því að vinna með fólki, ég treysti á flæðið og karma og ég vil gefa það áfram sem hefur hjálpað mér. Jóga og útivist gripu mig eftir slysið og voru stór þáttur í því að koma mér til heilsu aftur og auðvitað lækna, heilbrigðisstarfsmenn og allt góða fólkið í kringum mig, þetta er ómetanlegt,“ segir Íris að lokum er við kveðjumst.

I-prent **FBA**
FOLDBASSA ART

**Kvöldheimsókn
í kvöld!
Fimmtudag
30. nóvember
kl. 17-21
Þverholt 5**

Léttarveitingar **Lukkupottur**
frábærir vinningar í boði

Mýndó.is ljósmyndastofa **Slikkerí**

Sigurbjörg

Aðventusamvera

Samfylkingin í Mosfellsbæ býður til aðventusamveru þriðjudaginn 5. desember húsið opnar kl. 19:30 en dagskrá hefst kl. 20.



Lilja Sigurðardóttur rithöfundur les úr bókinni sinni Dauðadjúp sprunga og Ingibjörg Valsdóttir les úr bókinni sinni Að breyta heiminum.

Gestir verða hjónin Guðmundur Árni Stefánsson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og Jóna Dóra Karlsdóttir. Öll velkomin!

Mínum á opið hús laugardaginn 2. desember kl. 11-13, þar sem Anna Sigríður Guðnadóttir bæjarfulltrúi fer yfir bæjarmálin. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og kruðeri



LILIWISE



Vefverslunin taeknideildin.is, e-mail jojobja@gmail.com, sími 8979858.

Wifi útidyrælasing **23,669**. Píanó í fullri stærð **45.000**. Liectroux G7 róbot fyrir fyrirtæki og stór heimili **128,529**, M200 fyrir meðal heimili **95.000**, L200 fyrir minni heimili **39,618**



Ulefone Power Armor 18T **ultra** er kominn, Kápa (5000 kr) fylgir í kaupbæti með Power Armor 18, 18T, 18T ultra, 19 og 19T. Mikið úrval af fylgihlutum s.s. rörsjá, smásjá, BT hátalari, eyrna-buds, minnskubbar, bílastandur, hleðslunúrur, hleðslupúðar o.s.frv.

Eldri mótdel Ulefone Armor 10 5G, 12 5G, 11 og 11T **-40%**, 14 og 16pro **-30%**.

Ulefone Note símar: Verð frá **27.000**

Ulefone spjaldtölvur verð frá **27.115**

Ulefone Armor Paddar verð frá **32.810**



Raspberry Pi 5 8GB kemur fljótlega (ca kr.30.000), ókeypis námskeið(3*1 klst) fyrir snjalla krakka(4 í hvert skipti) með foreldri fylgir kaupnum. Hafðu samband ef það er verðandi snillingur á heimilinu

Kíktu í búðina taeknideildin.is mörg hundruð vörunúmer.

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar var stofnað í sumar • Æft af krafti í Lágafellsskóla

Borðtennis í sókn í Mosó

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar var formlega stofnað þann 6. júlí í sumar. Upprunin er sá að Júlíus Finnbogason mætti á kynningu Borðtennissambands Íslands (BTÍ) að Varmá 2022 og gaf upp símanúmerið sitt til þjálfara þar þegar að hann var spurður hvort að hann hefði áhuga á að vera með í stjórn nýs félags í Mosfellsbæ.

Í mars 2023 hafði svo Valdimar Leó Friðriksson framkvæmdastjóri BTÍ samband við Júlíus og ákveðið var að hrinda þessu í framkvæmd. Í byrjun var farið í að finna fólk í stjórn og voru fengirnir til liðs við félagið þeir Sverrir Þorleifsson og Gunnar Már Steinarsson. Júlíus er formaður félagsins, Gunnar gjaldkeri og þeir Sverrir og Valdimar meðstjórnendur.

Reynslumikill þjálfari ráðinn til starfa

BM hefur unnið mikið með Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur sem er formaður BTÍ og hokinn af reynslu innan borðtennishreyfingarinnar. Fyrsta verk hennar var að fá inn góðan þjálfara og það tókst heldur betur vel. Fyrir valinu varð Mattia Contu frá Sardiníu en hann sér einnig um æfingar hjá unglíngalandsliðinu sem og öðrum félögum.

Það fór svo þannig að Mattia ákvað að spila fyrir hönd BM sem er alveg hreint frábært fyrir félagið og hefur hann tekið þátt í einu einstaklingsmóti í meistaraflökki þar sem að hann hafnaði í 2. sæti.

Það var einnig ákveðið að stofna lið innan félagsins sem skipað er 5 einstaklingum. Núna eru 7 iðkendur í fullorðinsflokki þannig að það gæti jafnvel litið út fyrir að BM nái kannski í 2 lið á næsta tímabili ef fram heldur sem horfir.

Eftir 3 mót situr BM á toppnum í sínum riðli með 4 sigra, 2 jafntefli og 0 töp sem verður að teljast hreint út sagt frábær árangur.



Æfingaaðstaða í Lágafellsskóla

Ungliðastarfið hjá BM er gríðarlega mikilvægt og þar hafa þau 6 virka iðkendur sem standa sig með stakri þryði.

Fram undan er svo að kynna enn frekar þessa frábæru íþrótt fyrir bæjarbúum.

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar (BM) vill þakka allan þann stuðning sem þau hafa fengið sem og þakka Lágafellsskóla sérstaklega fyrir þeirra framlag með því að bjóða þeim upp á æfingaraðstöðu.

BM vonast svo til að sjá sem flesta á æfingum en hægt er að fá nánari upplýsingar í gegnum netfangið juliusvf@gmail.com. Einnig er hægt að fylgjast með starfinu á Facebook.



Perry Mclachlan tekur við kvennaliðinu

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hefur komist að samkomulagi að Perry Mclachlan taki við liðinu til loka árs 2025. Perry hefur stýrt æfingum núna að verða í mánuð og fer liðið vel af stað og er mikil ánægja innan félagsins með þessa ráðningu. Perry hefur þjálfað á Íslandi frá árinu 2019, fyrst sem aðstoðarþjálfari og markmannþjálfari karlaliðs Þórs, svo sem aðstoðarþjálfari og síðar aðalþjálfari Þórs/KA. Þá var Perry með KR í lengjudeildinni fram að fyrri hluta þessa árs. Afturelding lýsir yfir ánægju þess að hafa komist að samkomulagi að Perry leiði uppbyggingu meistaraflokkskvenna næstu árin og bíður hann hjartanlega velkominn í Mosfellsbæinn og vonast eftir löngu og farsælu samstarfi.



Aron genginn til liðs við Aftureldingu

Miðjumaðurinn öflugi Aron Jónsson hefur skrifað undir tveggja ára samningu við Aftureldingu og mun spila með liðinu í Lengjudeildinni í fótbolta næsta sumar. Hann 29 ára gamli Aron kemur til Aftureldingar frá Fram þar sem hann skoraði sex mörk í Bestu deildinni síðastliðið sumar. Aron hefur einnig leikið með Grindavík og Haukum á ferli sínum en hann hefur skorað 13 mörk í 70 leikjum í efstu deild og 31 mark í 181 leik í næstefstu deild. „Tilfinningin er geggjuð. Það er mikil tilhlökkun að stíga inn á völinn með strákunum. Liðið er búið að vera á mikilli uppleið síðastliðin ár og er með ákveðið „identity“ sem heillar mig mjög mikið. Væntingar mínar eru að við munum spila góðan fótbolta og það er mikil tilhlökkun fyrir því,“ sagði Aron eftir undirskriftina.

Bikarmót í Taekwondo haldið í Mosó

Bikarmót í Taekwondo fór fram í Mosfellsbæ helgina 4.-5. nóvember.

Afturelding átti fjölda keppenda sem stóðu sig vel. Aþena Kolbeins varð í einstaklings- og para-Poomsae (æfingar). Þá varð Justina Kisceviciute Íslandsmeistari í Sparring (bardaga)



Badmintondeildin hélt Súpersmass í Varmá

Badmintondeild Aftureldingar hélt innanfélagsmótið Súpersmass í Varmá á dögnum. Addi þjálfari sá um skipulagið og raðaði þátttakendum í riðla eftir styrkleika svo allir fengu góða leiki og

verðlaun voru veitt fyrir hvern flokk ásamt útdráttarverðlaunum. Alls tóku 32 keppendur þátt sem voru á aldrinum 13-64 ára. Mjög vel heppnað mót sem verður klárlega endurtekið.

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**




JAKO
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Ilmsána í desember



**Þriðjudagskvöldin 12. og 19. desember
kl. 20:00 verður boðið upp á
sannkallað aðventuilmsána í Lágafelli.**

Notaðar verða hágæða olíur sem
sérstaklega tilheyra aðventunni.

Það sem þátttakendur mega búast við er spennandi
upplifun og ma. verða í boði olíur eins og einiber,
engifer, furunálar, kardimommur, furunálar, kanill,
timian, salvía, anis, appelsína, kóríander og fleiri góðar.

**Eins og venjulega eru teknar þrjár lotur.
Njóttu þess að koma og slaka á.
Í boði eru 22 pláss hvort kvöld,
fyrstur kemur, fyrstur fær.**



Nánari upplýsingar í afgreiðslunni í Lágafellslaug.

Kjör íþróttafólks Mo



Amalía Ósk Sigurðardóttir
lyftingafélag Mosfellsbæjar

Amalía tók þátt á sínu fyrsta móti á jólamóti LSÍ og vann sér inn rétt á að taka þátt á HM 2021. Eftir það tók hún sér ársfrí frá keppni og kom sterk inn í ár aftur, vann sér inn rétt á HM í september og lenti þar í 30. sæti. Tók hún þátt á Norðurlandamóti fullorðinna í október og hafnaði þar í 3. sæti með 80 kg í snörun og 98 kg í jafnhendingu og þá 178 kg í samanlögðu. Amalía keppir í 64 kg flokki kvenna og á best 84 kg í snörun og 103 kg í jafnhendingu og 183 í samanlögðu.

Amalía er mikil fyrirmynd, hörkudugleg og ósérhlífin.



Arna Karen Jóhannsdóttir
badminton

Arna Karen hefur æft með Aftureldingu og síðan TBR. 2018 fór hún á samning hjá Ikast FS í Danmörku og spilaði þar til ársins 2022. Þá skipti hún yfir í Viby Badminton Klub. 2023 varð hún tvöfaldur Íslandsmeistari í tvíliða- og tvenndarleik í úrvalsdeild. Hún varð Íslandsmeistari með TBR í deildarkeppni félagsliða í úrvalsdeild. Hún fékk gullverðlaun á Meistaramóti TBR í tvíliða- og tvenndarleik hún komst ásamt meðspilara sínum í tvenndarleik lengst Íslendinga í 8 liða úrslit á alþjóðlega mótinu Iceland International. Hún var valin í landsliðið sem tók þátt í Smáþjóðaleikum, þar náðu þær silfurverðlaunum. Síðasta tímabil vann hún 11 af 12 tvenndarleikjum sínum og var valin spilara ársins hjá klúbbnum.



Berglind Erla Baldursdóttir
golf

Berglind Erla landsliðskylfingur átti frábært keppnisumar. Hún varð í 11. sæti á Íslandsmóti í högggleik og endaði efst allra Mosfellinga á kvennastigalista GSÍ (14. sæti). Hún var ein lykilmanna í sigurliði GM í Íslandsmóti golfklúbba annað árið í röð og var í kjölfarið valin í þriggja manna lið sem keppti á EM golfklúbba fyrir hönd Íslands í Búlgaríu.

Einnig var hún valin í lið EM stúlkna í Frakklandi þriðja árið í röð. Eftir sumarið er hún skráð með 0,3 í forgjöf.



Hafrún Rakel Halldórsdóttir
knattspyrna

Hafrún Rakel er 21 árs Mosfellingur, uppalin í Aftureldingu en spilar í dag með Breiðabliki í efstu deild og með íslenska kvennalandsliðinu. Hafrún átti gífurlega gott ár og var margsinnis valin í lið umferðar, leikmaður umferðar, leikmaður mánaðar auk þess að vera valin í lið ársins í Bestu deildinni. Hún spilaði með U23 og A-landsliði Íslands á árinu, varð Pinatarcup meistari með A-landsliðinu í byrjun árs, skoraði sigurmarkið gegn Austurríki í sumar og er nú í A-landsliðshópnum sem spilar í Þjóðadeildinni. Líklegt þykir að hún haldi utan í atvinnumennsku á nýju ári. Hafrún Rakel er metnaðarfull, einbeitt og leggur mikið á sig til að ná markmiðum sínum.



Katrín Helga Davíðsdóttir
handbolti

Katrín Helga hefur æft og spilað handbolta með Aftureldingu allt frá 7. flokki og með meistara-flokki frá unglingsaldri. Hún hefur leikið stórt hlutverk í uppbyggingu liðsins síðustu ár, þar sem aðalmarkmiðið er að festa það í sessi í efstu deild. Katrín Helga er ósérhlífinn og metnaðarfullur leikmaður sem leggur sig alltaf alla fram, bæði í mótlati og meðbyr. Hún mætir 100% í öll verkefni, styður samherja og mætir mótherjum af háttvísi og er því góð fyrirmynd, innan liðsins og félagsins. Síðast liðið vor fékk Katrín Helga viðurkenninguna mikilvægasti leikmaður meistara-flokks kvenna og þá sinnir hún einnig þjálfun hjá Aftureldingu og er nú í vetur með fjölmennan hóp stelpna í 5. flokki.



Thelma Dögg Grétarsdóttir
blak

Thelma Dögg spilar blak í Aftureldingu. Hún spilaði í sænsku úrvalsdeildinni 2022-2023 og spilaði um sænska meistaratitilinn í vor. Hún var oftast valin besti leikmaður liðsins og átti stóran þátt í að koma liðinu í úrslitakeppnina. Thelma var fyrirliði A-landsliðs Íslands á Evrópumóti smáþjóða í sumar þar sem Ísland vann til gullverðlauna og var Thelma valin besti leikmaður keppinnar. Thelma er stíghæst í íslensku úrvalsdeildinni og með bestu uppgjafirnar. Thelma er aðstoðarþjálfari karlaliðs Aftureldingar í blaki og aðstoðarþjálfari í U17 ára landsliði stúlkna. Thelma er metnaðarfull og mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur í Mosfellsbæ og á landinu öllu.

Mosfellsbæjar 2023



Björk Erlingsdóttir

motocross

Björk Erlingsdóttir er margfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki, sem er frá 30 ára og eldri, og endurtók hún leikinn á þessu ári með fullu húsi stiga. Hún er frábær fyrirmynd fyrir aðra keppendur, hvort sem um er að ræða í kvenna- eða karlaflokki því ófáir keppendur gefa eins mikið af sér til íþróttarinnar og Björk.

Björk hefur verið einn stærsti bakhjarl og styrktaraðili íslenska landsliðsins í motocross sem hún aflaði með fjáröflun og bolasölu.

Björk er jafnframt mjög virk í öllu félagsstarfi og sjálfböðavinnu er kemur að íþróttinni. Situr hún í stjórn tveggja félaga og hið fyrra er MotoMos hér í Mosfellsbæ og í MSÍ.



Viktoría Von Ragnarsdóttir

hestaíþróttir

Viktoría Von er 20 ára og hefur stundað hestamennsku frá því að hún man eftir sér. Hún hefur sýnt fram á góðan árangur undanfarin ár og varð tvöfaldur Mosfellsbæjarmeistari í sumar. Hún hefur sótt keppnisnámskeið hjá hestamannafélaginu Herði og starfað við mótanefndina hjá Herði.

Viktoría leggur mikinn metnað í hestamennsku og stundar hestamennskuna allt árið um kring. Hún er sem stendur við nám í Háskólanum á Hólum í BS námi í reiðmennsku og reiðkennslu.



Kynning á íþróttafólki sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu

Átta konur og ellefu karlar hafa verið tilnefnd af íþróttá- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar til íþróttafólks Mosfellsbæjar.

Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþróttá- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins.

Netkosning stendur yfir frá 30. nóvember til og með 11. desember 2023.

Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokki. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið þann 11. janúar.

Kosning fer fram á mos.is

Kjör íþróttafólks Mo



Atli Fannar Pétursson

blak

Atli Fannar spilar blak með meistaraflokki karla hjá Aftureldingu. Atli leggur mikið á sig til að ná árangri og gefur liðinu mikið. Hann er metnaðarfullur fyrir sína hönd, hönd liðsins og fyrir hönd þeirra sem hann er að þjálf.

Atli er lykilleikmaður í A-landsliði Íslands í blaki sem vann til bronsverðlauna á EM smáþjóða í sumar. Hann er aðstoðarþjálfari kvennaliðs Aftureldingar, ásamt því að þjálfar yngri flokka. Atli er aðstoðarþjálfari íslenska U19 ára landsliðs kvenna á NEVZA. Atli meiddist í leik í október og sýnir iðkendum gott fordæmi með mikilli skynsemi og þrautseigju í meiðslum sínum. Atli er gríðarlega góð fyrirmynd fyrir unga iðkendur okkar, bæði stúlkur og drengi.



Benedikt Ólafsson

hestaíþróttir

Benedikt hefur náð frábærum árangri undanfarin ár sem hefur skilað honum mörgum Landsmóts-, Íslands- og Reykjavíkurmestararitlum. Árið 2023 var engin undantekning, titlar á öllum ofan-töldum mótum ásamt sigri í liðakeppni í Meistaradeild ungmenna. Hápunktur sumarsins var án efa þegar hann vann til tvennra gullverðlauna á Heimsleikum íslenska hestsins í Hollandi og þar með eignuðumst við Mosfellingar tvöfaldan heimsmeistara. Benedikt er tvítugur, alinn upp í Mosfellsdalnum og stoltur Harðarfélagi. Hann hefur verið valinn í landslið Íslands í hestaíþróttum í fimm ár. Vakti hann sérstaka eftirtekt fyrir þróða framkomu innan vallar sem utan í Hollandi og er frábær fyrirmynd í hestaheiminum.



Einar Óli Guðbjörnsson

badminton

Einar Óli er fæddur og uppalinn Mosfellingur. Hann er afreksmaður í badminton. Hann æfði með Aftureldingu badminton til 9 ára aldurs og er núna hjá TBR.

Einar Óli er margfaldur Íslandsmeistari í barna- og unglíngaflokkum. Þrátt fyrir að Einar Óli sé ekki nema 17 ára spilar hann núna með fullorðnum og stefnir á að verða Íslandsmeistari fullorðinna. Hann var einnig valinn til að keppa fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti U19 í badminton sem haldið var í Bandaríkjunum nú fyrr á þessu ári. Hann hefur einnig tekið þátt í landsliðsverkefnum.

Einar Óli er góður drengur og fylginn sér og góð fyrirmynd.



Ingvar Sverrir Einarsson

Motocross

Ingvar Sverrir Einarsson lenti í 3. sæti til Íslandsmeistara í ár sem telst mjög góður árangur þar sem hann færði sig upp í fullorðinsflokk en hann er aðeins 17 ára gamall. Ingvar hefur stundað Motocross í fjölmörg ár og orðið Íslandsmeistari í sínum flokki. Hann er einnig mikil fyrirmynd fyrir aðrar keppendur með sinni þróðu framkomu og alltaf tilbúinn að rétta hjálparhönd eða taka þátt í sjálfböðastarfi fyrir sportið.

Ingvar keppir einnig í Enduro með mjög góðum árangri. Hann er mikil fyrirmynd fyrir bæði yngri og eldri keppendur og hann lifir heilbrigðu lífi. Þessi ungi drengur á framtíðina fyrir sér í sportinu.



Kristján Þór Einarsson

golf

Kristján Þór landsliðskylfingur átti stórkostlegt golfsumar. Kristján sigraði á Hvaleyrarbikarnum með 5 högga mun, einnig lék hann stöðugt og gott golf í allt sumar og endaði í 2. sæti á karlastigalista GSÍ.

Kristján var einn lykilmanna í sigri liðs GM á Íslandsmóti golfklúbba. Í kjölfarið keppti Kristján í þriggja manna liði á EM golfklúbba í Portugal.

Einnig var Kristján valinn í lið Íslands sem keppti á EM liða í Slóvakíu. Í sumar sló Kristján vallar-met í Keili (-7) og jafnaði í Borgarnesi (-6).



Skarphéðinn Hjaltason

júdo

1. sæti á Íslandsmóti U21 (-90 kg), 3. sæti á Íslandsmóti í fullorðinsflokki (-90 kg), 2. sæti á Íslandsmóti í fullorðinsflokki opnum flokki (allir þyngdarflokkar keppa saman), 1. sæti í fullorðinsflokki í sveitaglímu JSÍ, 1. sæti í U21 í sveitaglímu JSÍ.

Var valinn í landsliðið til að keppa á Smáþjóðaleikum á Möltu (A-landslið), Norðurlandamóti U21 og fullorðins Evrópumeistaramót U21. Skarphéðinn æfir 6-10 sinnum í viku með meistaraflokki Júdofélags Reykjavíkur. Hann mætir á allar æfingar og leggur sig alltaf 100% fram. Skarphéðinn er mjög góð fyrirmynd, bæði innan vallar og utan. Markmið hans er að ná sem lengst í júdo.

Mosfellsbæjar 2023



Elmar Kári Enesson Covic
knattspyrna

Elmar Kári er 21 árs kantmaður sem vakti mikla athygli með Aftureldingu í Lengjudeildinni í sumar. Elmar Kári hefur æft með Aftureldingu síðan í 8. flokki.

Undanfarin ár hefur hann tekið stórstíggum framförum og með hverju tímabili orðið mikilvægari leikmaður fyrir Aftureldingu. Í sumar skoraði Elmar Kári 17 mörk þegar Afturelding endaði í 2. sæti í Lengjudeildinni. Elmar var valinn besti leikmaðurinn hjá Aftureldingu sem og í lið ársins í deildinni.

Elmar er frábær fyrirmynd fyrir yngri iðkendur en gríðarlega mikill dugnaður og eljusemi á æfingum og í aukæfingum hafa hjálpað honum að bæta sig mikið ár frá ári.



Guðni Valur Guðnason
frjálssar - kringlukast

Guðni Valur keppir á hæsta stigi sinnar greinar í heiminum og hefur árangurinn á árinu verið mjög góður. Hann er í 16. sæti inn á Ólympíuleikana 2024 og Evrópumeistaramótið 2024. Guðni Valur keppti á 14 mótum 2023 með samtals meðaltal 62,90 m af öllum mótunum og 63,67 m af topp 10 mótunum hans. Þetta er besta tímabil sem Guðni Valur hefur átt. Hann keppti á HM í frjálsum, þar náði hann 22. sæti með kast upp á 62,28 m, sem er lengsta kast á stórmóti.

Guðni Valur er Íslandsmeistari í kringlukasti og kúluvarpi 2023 og Norðurlandameistari karla. Hann er í landsliðinu í kringlukasti og kúluvarpi. Hann æfir að meðaltali sex sinnum í viku, eða um 18 klst. að meðaltali á viku.



Gunnar Karl Jóhannesson
rallycross


Gunnar Karl er fæddur 1996. Hann varð á árinu Íslandsmeistari í rally fjórða árið í röð og sigraði auk þess í öllum fimm mótum Íslandsmótsins. Þá tók hann þátt í tveimur keppnum á Írlandi sem var frumraun hans í rally á malbiki. Hann sá jafnframt um keppnishald, undirbúning og kennslu fyrir unglinga í Íslandsmótinu í rallycrossi með góðum árangri.

Gunnar Karl er mikill keppnismaður, leggur mikla áherslu á fagmennsku í sportinu og er frábær fyrirmynd bæði ungra íþróttamanna sem og ökumanna.



Ýmir Snær Bang Hlynsson
sund

Ýmir Snær er duglegur íþróttamaður sem æfir sund og frjálssar með Íþróttafélaginu Ösp. Hann náði öllum lágmarkum á mót ársins, meðal annars á Reykjavík International Games, þar vann hann gull fyrir 100 m skriðsund og brons fyrir 200 m. Hann keppti á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug, þar fékk hann bronsverðlaun í 50 m og 100 m skriðsundi og fjórða sæti í 200 m. Á Íslandsmeistaramótinu í 25 m laug fékk hann brons fyrir 50 m og 100 m skriðsund. Hann fór fyrir Íslands hönd á Special Olympics í Berlín í júní, þar var hann landi og þjóð til sóma og raðaði sér ávallt meðal þeirra fremstu. Ýmir er góður vinur og hvetur aðra áfram. Hann er duglegur og jákvæður á æfingum og alltaf er húmorinn með.



Þorsteinn Leó Gunnarsson
handbolti

Þorsteinn Leó er ungur og efnilegur handknattleiksmaður í meistaraflokki karla í Aftureldingu sem hampaði bikarmeistaratitli 2023. Þorsteinn er burðarás í öfluglu liði Aftureldingar þrátt fyrir ungan aldur og var valinn efnilegasti leikmaður efstu deildar. Þorsteinn Leó fór fyrir U21 árs landsliði Íslands sem vann til bronsverðlauna á Heimsmeistaramótinu 2023. Einnig lék Þorsteinn fyrstu A-landsleiki sína fyrir hönd Íslands 2023. Þorsteinn Leó hefur lagt mikið á sig við æfingar og aukæfingar á síðustu árum með það að markmiði að koma sér í hóp þeirra bestu. Hann er frábær fyrirmynd fyrir ungt íþróttafólk. Þorsteinn Leó hefur samið við stórlíð Porto í Portúgal og mun leika þar á komandi tímabili.

Kynning á íþróttafólki sem tilnefnt er og afrekum þess á árinu

Átta konur og ellefu karlar hafa verið tilnefnd af íþrótt- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar til íþróttafólks Mosfellsbæjar.

Eins og áður gefst bæjarbúum kostur á, ásamt íþrótt- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar, að kjósa íþróttafólk ársins.

Netkosning stendur yfir frá 30. nóvember til og með 11. desember 2023. Velja skal í 1., 2. og 3. sæti í kvenna- og karlaflokki. Kosningin er ekki gild nema valið sé í öll þrjú sætin.

Tilkynnt verður um valið þann 11. janúar.

Kosning fer fram á mos.is



Gunnlaugur Johnson arkitekt gefur út sitt fyrsta ritverk
Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ

Út er komin bókin Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ. Það er bókaútgáfan Sæmundur; útgáfa Bjarna Harðarsonar á Selfossi, gefur út.

Þetta er safn af sögum um minnisstæða atburði í ævi Gunnlaugs Johnson, arkitekts, sem hefur búið í Mosfellsbæ síðastliðin 14 ár. Sögurnar eru flestar í gamansömum, tragíkómískum tóni og spanna síðastliðin 60 ár. Í bókinni eru fáeinir myndir gerðar af höfundi.

Atburðir í lífi miðaldra karls

Hér er sagt frá minnisstæðum atburðum í lífi miðaldra karls sem hefur ýmsa fjöruna söpið. Hvort sem er af starfsleyfisláusu loðfeldaverkun, ótta við að upp komist misferli á miðilsfundi, innbrotum erlendis, ógleymanlegri brúðkaupsferð, fegurðarsamkeppnum og fjöldamorðingjum, eltiþrellum og erfidykkjum.

Nytjastuldur á embættisbifreið forseta-

embættisins kemur við sögu, se mog gisting með gelískum sniglum og snjaldurmúsum í ævafornum kastala. Og margt fleira. Allt er þetta tíundað af mikilli nákvæmni og smásmygli svo úr verður brotakennd en lifandi mynd af ævi einhvers helvítis karls í Mosfellsbæ.

Enn með hreina sakaskrá

„Í fljótu bragði mætti ætla að þetta væru endurminningar síbrotamanns; það er varla einn einasti kafli þar sem ekki eru framin einhver afbrot. Nytjastuldur á embættisbifreið forsetans og einkabíl móður minnar, smygl á fjarskiptabúnaði og skjalfölsun, akstur dráttarvélar undir áhrifum án ökuréttinda, innbrot og spilling fornminja svo nokkuð sé talið.

Ég hef þó alltaf álitid mig dagfarsprúðan mann og þar sem ekkert þessara afbrota hefur komist upp er ég enn með hreina sakaskrá, hvað sem síðar verður.”

Aðventu & jólastundir fjölskyldunnar í Lágafellskirkju

Sunnudagur 3. desember - fyrsti sunnudagur í aðventu
JÓLAKIRKJUBRALL kl. 13 - 15 í Lágafellskirkju
 Fjölskylduvæn samvera með föndri, jólatrésrækt, ratleik, skreyta piparkökur, fjárhúshvöld og helgileik
 Barnakórinn syngur jólalög
 Góður gestur kíkir í heimsókn og brallinu lýkur með máltíð

Sunnudagur 10. desember - annar sunnudagur í aðventu
Aðventukvöld kl. 20 í Lágafellskirkju

Sunnudagur 17. desember - þriðji sunnudagur í aðventu
Jólaíhugun kl. 20 í Lágafellskirkju

Aðfangadagur 24. desember
Jólastund fjölskyldunnar kl. 13 í Lágafellskirkju

 lagafellskirkja.is

Við mælum með bókum í jólagjafir



AARON BLABEY.
VONDIR GAURAR
PÁTTUR 4
ÁRÁS ZOMBÍ KETTILINGA

Þessi bókaflokkur um **VONDU GAURANA** hefur slegið rækilega í gegn. Krakkar á öllum aldri kunna að meta þetta góða grín. Stuttur texti og margar myndir – þannig að auðvelt er að lesa!





ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR.
PABBA
BRANDARAR 20
PORKELL GUÐMUNDSSON
II



Þórunn Sveinbjörnsdóttir
GLEÐIFRÉTTIR! Nýr skammtur af pabbabröndurum. Bók nr. 2 er komin út. **Pabbar** geta nú haldið gríninu áfram í grillveislum og við matarborðið. Þessi bók reddar málinum.

PABBAR Í MOSÓ!



EKKI OPNA ÞESSA BÓK
AD EILÍFU
Andy Lee
Myndskreytt af Heath McKenzie
Þýðandi er Huginn Þór Grétarsson

Ekki opna þessa bók – að eilífu! Í þessari bók ferðast Wiz aftur í tíma í gegnum söguna alla leið aftur til Miklahvells. Bókin ýtir undir lestur barna en í þessum skemmtilegu sögum um figúruna Wiz gerir hann allt til að fá börn og fullorðna til að hætta að lesa bækurnar.

Bækurnar hafa verið tilnefndar nokkur ár í röð af börnum sem bestu þýddu barnabækurnar á Íslandi.



Alata á alvöru ísbjörn
Léttlestrarbók
Huginn Þór Grétarsson



Huginn Þór Grétarsson

Tvær nýjar léttlestrarbækur í vinsælum bókaflokki. Frábærar fyrir börn sem eru að æfa sig í að lesa. Einnig komin út bókin **Dýrlegt ímyndunarafl**, en Lísu er að herma eftir dýrunum á gamansaman hátt.



HÁKARLAR
David Hawcock
10 LYTTI-SPJÖLD



SJÓRÆNINGJAR
David Hawcock
10 LYTTI-SPJÖLD

Fróðlegar og skemmtilegar lyftisþjaldabækur um hákarla og sjóræningja og margt fleira. Hentar fyrir krakka á aldrinum 4-10 ára.




Dimmalimm
Guðmundur Thorsteinsson
Sagan af Dimmalimm



Þetta fallega ævintýri hefur nú verið gefið út í nýrri mynd. Sama gamla góða ævintýrið en skreytt með nýjum myndum. Hugljúf saga af umhyggju og sorg, en allt endar þó vel.

Framtíðarsýn á íþróttasvæðinu að Varmá

Að Varmá koma þúsundir Mosfellinga og gesta á ári hverju til að stunda ýmiss konar íþróttir. Því er mikilvægt að vanda til verka og vera með skýra framtíðarsýn þegar kemur að áframhaldandi uppbyggingu, þar sem aðstaðan er komin að þolmörkum.

Nýr meirihluti fékk verkefnalista frá fyrra kjörtímabili sem er skrifaður inn í skýrslu sem Efla gerði fyrir Mosfellsbæ og gefin var út í mars 2021. Þessi skýrsla er góður grunnur og hægt er að vera sammála flestu sem þar kemur fram. Hinsvegar hefur legið fyrir að vilji er til þess að endurskoða ákveðna þætti.

Sú endurskoðun snýr aðallega að þjónustubyggingu sem átti að ráðast í á árinu 2022. Verkefnið var boðið út vorið 2022 en engin tilboð fengust. Í málefnaþingningi nýs meirihluta kom fram vilji til þess að endurskoða þjónustubygginguna. Það var mat okkar sem stöndum að þeim samningi að sú hönnun sem er til staðar og er upprunalega frá árinu 2008, með viðbótum, muni ekki þjóna íþróttastarfsemi bæjarins á þessu svæði þegar til framtíðar er lítið.

Við þurfum að hugsa stærra og það er allveg ljóst að til að ráðast í slíka framkvæmd þurfa markmiðin að vera skýr.

Tíminn er vel nýttur

Vinna við að skoða möguleika á uppbyggingu að Varmá og framsetningu á framtíðarsýn svæðisins hófst strax sumarið 2022.

Til þess að láta verkefnið ekki líða fyrir áherslubreytingu meirihlutans, sem liggur aðallega í að endurskoða hönnun þjónustubyggingar, var ráðist í endurnýjun gervigrasvallar og sett upp vökvunarkerfi.

Einnig hefur verið sett fram gróf hönnun á endurnýjun aðalvallar og frjálssípróttasvæðisins. Þegar sett er gervigras á knattspyrnuvöll breytir það möguleikum á samspili frjálssra íþróttar og knattspyrnu mikið. Af öryggisástæðum er ekki hægt að bjóða upp á æfingar frjálssra íþróttar samtímis leikj-



um á vellinum. Það er fyrirséð út frá miklum iðkendafjölda í knattspyrnu að mikil notkun verður á aðalvellinum. Lagðar hafa verið til í fjárhagsáætlun framkvæmdir við endurnýjun aðalvallar á árinu 2024 og í beinu framhaldi verður farið í frjálssípróttasvæðið.

Samhugur í Mosfellingum

Við höfum mikinn skilning á metnaði þeirra fjölmörgu aðila sem halda úti íþróttastarfi að Varmá og við deilum honum. Við höfum líka mikinn skilning á þeirri óvissu sem getur skapast þegar nýir aðilar koma að málum.

Til að eyða allri óvissu þá viljum við taka skýrt fram að við erum sammála þeim verkefnum sem talin eru upp í áður nefndri skýrslu Eflu. En við viljum tryggja að fjármagninu sé vel varið og að byggt verði af metnaði og til framtíðar. Það er ljóst að til að svo geti orðið þarf að breyta forgangsröðun verkefna. Við vonumst til að geta unnið að þessum málum í sátt við þá hagadila sem starfa á svæðinu.

Settur verður saman hópur til að stilla upp endurskoðaðri framtíðarsýn fyrir svæðið sem tekur tillit til þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin og bætt við hana. Enn fremur er hópnun ætlað að leita að og koma með tillögum að tekjuöflun fyrir uppbygginguna, þar sem það er ljóst að þjónustubygging til framtíðar verður dýrari en sú sem lagt var upp með í skýrslu Eflu.

En fyrir næstu þrjú árin hafa verið settir 2,5 milljarðar í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þó að þetta sé mikið fjármagn, þá er fjárförfin meiri og það er eitt af þeim mikilvægu verkefnum sem eru fram undan að afla tekna fyrir sveitarfélagið til að setja í aðstæðumál við Varmá. Við ætlum okkur stóra hluti og höfum metnað og vilja til að bæta íþróttasvæðið að Varmá fyrir alla bæjarbúa.

Halla Karen Kristjánsdóttir
formaður bæjarráðs

Skráningardagar á leikskólum og endurskoðun leikskólagjalda

Snemmsumars var samþykkt að taka upp skráningardaga á leikskólum bæjarins. Vinnulag sem átti að leysa tvær áskoranir í leikskólustarfinu; vinnutímastyttingu starfsmanna og mönnunarvanda sem meðal annars þurfti að mæta með lokun deilda.

Á fundum kom ósjaldan fram sú trú margra að þetta verklag myndi stórbæta mönnum því fólk fengist frekar til starfana. Á sama tíma gerist það að margir starfsmenn í fleiri en einum leikskóla bæjarins kusu að segja starfi sínu lausu eða fara í launalaust leyfi. Þetta gerist þrátt fyrir að vinnutímastyttingin sé formlega bundin í starfið. Það segir manni að eitthvað annað og meira í starfsumhverfinu hafi áhrif en vinnutímastyttingin.

Tillaga felld en önnur lögð fram

Á fundi bæjarstjórnar þann 21. júní síðastliðinn lagði undirrituð fram tillögu um stofnun starfshóps sem hefði það markmið að fara heildstætt yfir stöðu leikskólamála í bænum.

Þar segir m.a. „Vinna þarf að og þróa verkefnið betri vinnutíma. Skoða þarf mönnum leikskólanna og hvernig er hægt að mæta lögboðnu sumarfrí starfsmanna. Sérstaklega þarf svo að skoða hvernig hægt er að gera leikskóla Mosfellsbæjar að laðandi vinnustöðum.“

Þessi tillaga var felld með þeim orðum að þessi vinna væri þegar hafin. Hún var ekki meira hafin en svo að á fundi fræðslunefndar sem fór fram í byrjun nóvember lagði meirihlutinn fram tillögu að stofnun starfshóps sem hefur það markmið að „greina stöðuna eins og hún er í dag, bæði með tilliti til velferðar barna og starfsumhverfis í leikskólum.“

Þessi nýi starfshópur á áhugavert verk fyrir höndum. Fyrir utan að skoða starfsumhverfið á hann að fara skipulega yfir gjaldskrá leikskólanna, leggja til breytingar á henni og einnig á að rýna í þær breytingar sem sveitarfélögin í kringum okkur eru að



gera. Sérstaklega var bent á nokkra þætti og eru þeir t.d. almenn gjaldtaka vegna vistunartíma, opnunartími, hámarksvistunartími, vinnutímastytting og biðlistagreiðslur. Það verður áhugavert að sjá að hvaða niðurstöðu hópurinn kemst.

Leikskólaforeldrarinn

En hvernig lítur þetta allt út gagnvart foreldrum? Ég, sem leikskólaforeldri hefði fengið tölvupóst í sumar þar sem fram kom að búið væri að ákveða skráningardaga og síðar annan þar sem mér væri tjáð að búið væri að breyta vistunarsamningi barnsins míns til kl 14.00 á föstudögum, einhliða.

Vinnan mín á föstudögum tæki mið af því að ég fari úr húsi upp úr kl. 13.00 til að sækja börnin mín. Ég þyrfti að vinna lengur aðra daga eða um helgar til að ljúka vinnutímanum, tek jafnvel sumarfrisdaga, því mín vinnutímastytting er ekki á pari við leikskólann. Suma daga þarf ég, til viðbótar við föstudagana, að sækja fyrr vegna þess að deildin lokar vegna manneklu og að lokum þarf ég að muna eftir blaðinu sem hangir uppi á deildinni og skrá barnið mitt í vistun þá föstudaga sem ég er föst í vinnu. En það veit ég ekki endilega með átta daga fyrirvara.

Sem foreldri myndi ég líklegast ekki skilja af hverju þetta fyrirkomulag er best og af hverju ég mátti skrá barnið mitt nokkra föstudaga fram í tímann en svo allt í einu mátti það ekki lengur. Og ég ætti líka erfitt með að skilja af hverju enginn kannaði upplifun mína á öllum þessum breytingum.

Styrkleiki hvers stjórnanda/meirihluta er að fagna góðum hugmyndum og veita þeim brautargengi, það skiptir ekki máli hvaðan gott kemur. Það er því hálf broslagt að hafna einni tillögu og leggja svo fram aðra af sama meiddi nokkrum mánuðum seinna.

Dagný Kristinsdóttir
bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar

Jólagjöfin í ár

Nú er sá árstími þar sem margir eru að brjóta heilann um hvað skuli gefa í jólagjafir.

Slíkt getur stundum verið þrautin þyngri þar sem mörg okkar eigum nóg af alls konar. Fæstir vilja hvorki gefa né fá óþarfa og þá er bara að leggja höfuðið í bleyti.

Loftslagsvænar jólagjafir

Sífelld fleiri eru orðnir meðvitaðir um náttúruvernd og loftslagsmálin ber oft á góma. Fyrir nokkrum árum kom loftslagsþróun Landverndar með margar snilldarhugmyndir að loftslagsvænum jólagjöfum. Það er t.d. hægt að gefa eitthvað matarkyns eins og heimagera konfekt, sultur, smákökur, uppskrift og allt sem í hana þarf o.fl. List eða handverk á alltaf við, s.s. eitthvað þrjónað eða heklad, ljóð og/eða lag, teikning, málverk o.s.frv. Upplifun og samvera er að sjálfsögðu á listanum ásamt áskriftum að blöðum, menningarkortum o.fl. Þeir sem vilja kynna sér hugmyndir þessa hóps geta kíkt í á þessa slóð á heimasíðu Landverndar: www.landvernd.is/grasrot-loftslagsvaenar-jolagjafir

Samvera í jólapakkann

Því ekki að gefa samveru í jólagjöf? Rannsóknir hafa einmitt sýnt að það að eiga í góðum félagslegum samskiptum sé einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að því að lifa löngu, heilbrigðu



og gleðiríku lífi. Slíkt rímar sannarlega við orðatiltækið um að maður sé manns gaman! Hægt er að gefa alls kyns samveru, mis einfalda og í öllum verðflokkum. Hvernig væri t.d. að bjóða í mat, kaffi eða/og göngu, stjórnskoðun, byrðna upp á spilakvöldi, heimsækja safn, elda eða baka saman, fara í ísbiltúr eða hvaðeina sem ykkur dettur í hug? Þeir sem vilja fara alla leið geta líka gefið samverudagatal sem nær til lengri tíma, jafnvel fram til næstu jóla. Hægt væri t.d. að fara í göngutúr í janúar, hafa spilakvöld í febrúar, kaffibod í mars o.s.frv. Ég get allavega lofað ykkur því að hvers kyns samvera mun alltaf slá í gegn!

Þegar fólk hefur verið spurt hvað sé það allra besta við jólin þá eru langsamlega flestir sammála um að það sé einfaldlega samvera með fólkinu sem stendur þeim næst. Góður matur, stemmingin, kærleikurinn, gleðin og þakklætið sem einkennir þessa hátíð ljóss og friðar koma þarna einnig við sögu. Að þessu sögðu þá óskum við, sem stöndum að Heilsuefandi samfélagi í Mosfellsbæ, þess að þið getið notið adventunnar í rólegheitum með fólkinu ykkar.

Ólöf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og verkefnisstjóri Heilsuefandi samfélags í Mosfellsbæ

Mennt er máttur og lestur er grunnurinn

Íslenskt atvinnulíf og samfélag á allt undir því að börnin okkar komi heilsteyp og full sjálfstrausts út úr menntagöngu sinni. Læsi er þar lykilbreyta.

Tungumálið opnar dyr að menningu þjóða og hefur reynst lykilmáttur í inngildingu þeirra sem flytjast til Íslands.

Undanfarin ár hafa komið fram mælingar sem sýna vaxandi áskorun íslenskra barna þegar kemur að lestri og málskilningi. PISA niðurstöður sýna t.a.m. að 34,4% íslenskra drengja geta ekki lesið sér til gagns við útskrift úr grunnskóla og nær fimmtungur stúlkna. Á þessu ári hefur verið umfangsmikil úttekt í gangi á vegum menntamálaráðuneytisins um stöðu drengja í íslensku skólakerfi og eru heildarniðurstöður væntanlegar á næstu misserum.

Samkvæmt menntamálaráðuneytinu er ein lykilmátturstaða úr þeirri vinnu að íslensk börn, sérstaklega drengir, þurfi aukinn tungumálstaðning, þá helst á fyrstu árunum á menntagöngu sinni.

Hermundur Sigmundsson hefur á síðustu misserum verið óþreytandi í umræðu um lestrarkunnáttu og breytta nálgun í kennsluáttum. Ég hef setið nokkra fundi með Hermundi og sótt ráðstefnur um hið frábæra verkefni Kveikjum neistann, verkefni sem keyrt hefur verið í Vestmannaeyjum og skilað mjög góðum árangri. Kannski ætti Mosfellsbær að innleiða það verkefni næst.

Hermundur hefur staðið fyrir komu erlendra fræðimanna hingað til lands og það



var einmitt á slíkum fundi sem ég heyrði fyrst um Graphogame sem er finnskur lestrartölvuleikur. Leikurinn grípur börn í grunnundirstöðum lestrar, aðlagar sig að getustigi þeirra og hefur margsýnt virkni sína við að koma þeim börnum sem eru sein til læsis hratt á rétta leið. Leikurinn hefur verið aðgengilegur

finnskum börnum undanfarin ár.

Graphogame hefur verið staðfært á 11 tungumál um allan heim og hlaut á dögunum **UNESCO menntaverðlaunin** fyrir afburðaárangur. Það þýðir að aðferðafræðin hefur skilað framúrskarandi mælanlegum árangri í læsi þvert á tungumál.

Íslensk útgáfa

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að íslensku staðfærslu á finnska lestrartölvuleiknum. Tryggvi Hjaltason og Billboard ehf. standa saman að útgáfu tölvuleiksins Graphogame í íslensku útgáfu, sem verður gjaldfrjáls í fimm ár. Billboard fjármagnar verkefnið ásamt því að tryggja og viðhalda vitund almennings fyrir leiknum næstu fimm árin.

Mikið vona ég að þessi leikur komist í verkfærakistur kennara sem víðast, en Kópavogur verður fyrstur til að prófa þetta í sínum skólum, vonandi fylgir Mosfellsbær í kjölfarið.

Bryndís Haraldsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjar- og menntamálanefndar



Sjálfbóðaliði ársins 2023 í Mosfellsbæ

Íþrótta- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar
heiðrar sjálfbóðaliða ársins í samstarfi
við íþrótta- og tómstundafélög í bænum.



Leitað er eftir tilnefningum um sjálfbóðaliða sem
hefur með framúrskarandi hætti bætt íþrótta-
og tómstundastarf í Mosfellsbæ.

**Sjálfbóðaliði ársins verður heiðraður samhliða
vali á íþróttafólki Mosfellsbæjar.**

Allar ábendingar má senda í gegnum þjónustugátt
Mosfellsbæjar www.mos.is/sjalfbodaliði fyrir
31. desember.

Íþrótta- og tómstundanefnd

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



Jólamarkaður

Laugardaginn 2. desember 2023

frá kl 13 - 17:30

verðum við í Hamrahlíð vinna og virkni
(áður vinnustofur Skálatúns) með okkar árlega
jólamarkað. Þar verðum við með glæsilegar
handverksvörur til sölu.

Sjáumst í Kjarnanum í Mosfellsbæ.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



S: 660 0770 - www.aftak.is



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

www.bmarkan.is



FÓTAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



Uppbygging að Varmá – tafir og svikin loforð

Í ljósi þeirrar dapurlegu staðreyndar að Afturelding er búin að segja sig úr samráðsvettvangi Mosfellsbæjar og Aftureldingar er mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi staðreyndum.

Á síðasta kjörtímabili starfaði samráðsvettvangurinn að því að ná samkomulagi milli Mosfellsbæjar og Aftureldingar um heildarsýn og forgangsörðun að uppbyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá. Samkomulag náðist sem var samþykkt af Mosfellsbæ og öllum formönnum Aftureldingar. Framkvæmdir áttu að hefjast sumarið 2022 við fyrsta áfanga uppbyggingar sem var bygging þjónustuhúss með stórum nútíma búningasklefum, fundarsölum, stórri móttöku o.fl.

Á þessum tíma var verið að ljúka við byggingu knathúss að Varmá, auk þess sem allsherjar nauðsynleg og tímabær endurnýjun á íþróttamiðstöðinni fór fram sem var m.a. fólgin í að endurnýja gólfefni í öllum íþróttasölum, skipta um lýsingu, taka í gegn búningasklefa, endurnýja gervisgrasvöll, endurnýjun á Tungubökkum auk fleiri framkvæmda.

Eitt af fyrstu verkum nýs meirihluta eftir að þau tóku við var að fresta byggingu hússins og tók þá við harmsaga þeirra í málefnum Aftureldingar sem engan enda virðist ætla að taka.

Kosningaloforðin reyndust kostnarsöm

Fulltrúar í nýjum meirihluta lofuðu ýmsu fögru fyrir kosningar og ekkert lát var á. Ákveðið var að fresta byggingu hússins og kynna nýjar teikningar að stærri byggingu sem áttu að liggja fyrir að nokkrum vikum liðnum.

Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn lögðu til að farið yrði í samningaferli við verktaka um byggingu hússins og skoðað yrði samhliða hvort breyta ætti hönnun ef það væri talið til bóta, því ljóst var að okkar mati að ella myndi bygging hússins teyfjast um 2-3 ár að minnsta kosti.

Því var hafnað af meirihlutanum og lögðum við þá næst fram tillögu um að skoða það að breyta forgangsörðun í samráði við Aftureldingu og byrja þannig strax á hönnun og endurnýjun á aðalvellingum til að nýta tímann sem best og það fjármagn sem þegar var til staðar í fjárhagsáætlun ársins.

Þeirri tillögu okkar var einnig hafnað og síðan hefur því miður lítið sem ekkert gerst í áformum



um uppbyggingu að Varmá. Á þessum tímamarki var meirihlutinn að átta sig á að kosningaloforðin og fagurgalinn um að allt ætti að vera stærra og betra en áður hafði verið samþykkt kostaði töluvert meira en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Breytt forgangsörðun án samráðs við Aftureldingu

Það var svo á bæjarstjórnarfundum þann 8. nóvember, þegar fyrri umræða um fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 fór fram, sem tillaga kom frá meirihlutanum um að setja 700 milljónir í nýjan völl að Varmá, framkvæmd sem ekki hefur verið hönnuð eða boðin út. Tillaga þessi er án aðkomu Aftureldingar og þar með í ósamræmi við það samkomulag sem var gert og er í gildi um forgangsörðun uppbyggingar á svæðinu.

Fulltrúar Aftureldingar í samráðsvettvangi hafa á sl. 16 mánuðum ítrekað óskað upplýsinga um stöðuna, hvort þau gætu fengið nýja tímalínu framkvæmda og hvort ákvörðun hafi verið tekin um forgangsörðun á framkvæmdum. En engin svör hafa fengist.

Framkoma meirihlutans í þessu máli hefur borið með sér vanvirðingu við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin varðandi fyrirhugaða uppbyggingu að Varmá og ekki síður gagnvart sjálfbodaliðum í stjórnum félagsins. Þá hafa þessi vinnubrögð kostað bæði tafir og aukinn kostnað, svo ekki sé minnst á þá óeiningu sem skapaðist innan Aftureldingar vegna einhliða breytinga á forgangsörðun og sífelldra tafa.

Fulltrúar meirihlutans þurfa að átta sig á þeirri alvarlegu stöðu sem er komin upp í samskiptum við Aftureldingu.

Félagið er gríðarlega mikilvægur hornsteinn í okkar samfélagi og vonandi fer sú uppbygging að Varmá sem hefjast áttu sumarið 2022 í gang sem allra fyrst.

Við fulltrúar D-lista í bæjarstjórn munum halda áfram að koma með tillögur til að flýta því ferli og vonandi verður þeim ekki öllum ýtt út af borðinu eins og hingað til.

Ásgeir Sveinsson bæjarfulltrúi D-lista
Jana Katrín Knútsdóttir bæjarfulltrúi D-lista
Rúnar Bragi Guðlaugsson bæjarfulltrúi D-lista
Helga Jóhannesdóttir bæjarfulltrúi D-lista

Logn í skóginum

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar verður með sína árlegu jólatrjáasölu í Hamrahlíð við Vesturlandsveg dagana 9.-23. desember.

Laugardaginn 9. desember kl. 13-14 verður opunarhátíð í Hamrahlíðinni þar sem fyrsta jólatréð mun verða sagað, Mosfellskórinn syngur nokkur lög og Ævintýraverur úr Leikhópnum Lottu munu skemmta börnunum svo eitthvað sé nefnt. Að sjálfsögðu munu jólasveinar láta sjá sig og svo verður boðið upp á heitt kakó.

Úlfarsellið er fyrir löngu orðinn mjög vinsæll áningarstaður og hefur skógurinn í Hamrahlíðinni mikið aðdráttáfl. Það líður því varla sá dagur að ekki séu bílar á bílastæðinu við skógræktina í Hamrahlíðinni og gaman að sjá hversu mikið svæðið er nýtt af fólki.

Skógrækt á Íslandi hefur aukist verulega síðastliðin 30 ár með tilkomu Landgræðsluskóga, en það er verkefni sem hófst árið 1990 og hefur Skógræktarfélag Íslands haft umsjón með verkefninu frá upphafi.

Skógræktarfélag geta sótt um að fá trjáplöntur í gegnum Landgræðsluskóga og hefur Skógræktarfélag Mosfellsbæjar fengið plöntur til gróðursetningar allar götur frá því verkefnið hófst. Fyrsta gróðursetningin fór fram í Lágafelli norðanverðu á því svæði sem Krikahverfi



er. Meginhluti skógræktarsvæða Skógræktarfélags Mosfellsbæjar eru gróðursett eftir árið 1990 sem þýðir að þorri þeirra trjáa sem vaxa upp á svæðum félagsins eru komin í gegnum Landgræðsluskógaverkefnið.

Fjöldamörg skógræktarsvæði með trjáplöntum frá Landgræðsluskóga hafa vaxið upp víða um land og eru þau farin að veita byggðinni skjól og gegna mikilvægu hlutverki sem útivistarskógar. Þar að auki stuðla skógarnir að kolefnisbindingu með bindingu koltvíoxíðs úr andrúmslofti, auk þess að binda kolefni í jarðvegi. Skógarnir gegna því bæði samfélagslegu og vistfræðilegu hlutverki.

Þar að auki hafa þeir efnahagslegt hlutverk, en jólatrjáasala Skógræktarfélags Mosfellsbæjar er helsta tekjuöflun félagsins. Mest af starfsemi félagsins er unnin í sjálfbodavinnu og skiptir því stuðningur ykkar miklu máli með kaupum á alíslensku jólatré.

Það geta skipst á skin og skúrir eða snjór og bylur ef því er að skipta þegar komið er fram í desember. Við vonum að sem flestir komi til okkar í skóginum og kaupi sér jólatré hvernig sem viðrar. Því það er alltaf logn í skóginum.

Björn Traustason
formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Wellington

INNBÖKUÐ
NAUTALUND

PANTIÐ TÍMANLEGA!
www.kjotbudin.is

Gjafabréf

KJÖTBÚÐIN



PANTAÐU
Á NETINU



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

Sunnukrika 4, Mosfellsbæ
Grensásvegi 48, Reykjavík
Sími 571 5511
kjotbudin@kjotbudin.is



DESEMBER

MÁN

VARMÁBÓL

4

OPIÐ
HÚS

ÞRIÐ

HELGÓ/LAGÓBÓL

5

JÓLA
KAHOOT
LEIFS

MÍÐ

VARMÁBÓL

6

OPIÐ
HÚS

FIMT

HELGÓ/LAGÓBÓL

7

PIPARKÖKU
SKREYTINGAR

FÖS

VARMÁBÓL
HELGÓ/LAGÓ

8

JÓLA
BINGO!

ÞRIÐ

PIPARKÖKU
SKREYTINGAR

11

MIÐ

INNPÖKKUN

12

FIMT

MEISTARA
DEILD
JASSA

13

FÖS

JÓLALÖG &
SPIL

14

MÁN

JÓLAMYND &
JÓLANAMMI

15

ÞRIÐ

JÓLAMYND

18

MÍÐ

JÓLABÖLL

19

FIMT

LITLU
JÓLIN

20

FÖS

LOKAÐ

21

MÁN

INNPÖKKUN

22

ÞRIÐ

GLEÐILEG JÓL

25

MÍÐ

JÓLA
KVISS

26

FIMT

KAKÓ
& KÓSÝ

27

FÖS

ÁRAMÓTA
HEIT

28

MÁN

ÁRAMÓTA
HEIT

29

HEILSUMOLAR GAUA



MINNA ER MEIRA

Ég kynntist Steve Maxwell í Danmörku fyrir rúmum 17 árum á þriggja daga námskeiði fyrir ketilbjöllupjálfa. Hann var einn af aðalpjálfurum og stóð heldur betur undir væntingum, frábær þjálfari og fyrir utan æfingasalinn skemmtilegur og lífandi karakter sem hefur gert og upplifað margt í tengslum við íþróttir, æfingar og lífið sjálft. Við mynduðum sterk tengsl þarna í Kaupmannahöfn og grunn að vináttu sem hefur haldist síðan.

Eitt af því sem mér finnst áhugaverðast við Steve er að hann hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að læra meira, bæði um æfingar og svo annað sem hann áhuga á. Hann er ekki fastur í einni aðferðafræði, prófar sig áfram, fer á námskeið hjá öðrum, les mikið og horfir á viðtöl við þá sem honum finnst vera að gera áhugaverða hluti og ná árangri með þá. Steve fylgist ekki bara með því sem er að gerast í dag, heldur stúderar líka það sem gömlu meistaranir lögðu áherslu á.

Steve er mín helsta þjálfarafyrirmynd og hefur alltaf verið. Hann leggur í dag mikla áherslu á hvíld og endurheimt. Styrktaræfingar sem hann setur sínu fólki fyrir eru stuttar, einfaldar en mjög krefjandi. Ein styrktaræfing á viku er nóg. Minna er meira, ef við hlustum á skilaboð líkamans og förum eftir þeim.

Eftir margra ára hlé er ég aftur kominn í einkaþjálfun hjá gamla meistaranum. Fyrstu vikurnar eru að baki, en við erum að vinna að ákveðnu langtíamarkmiði. Styrkur, liðleiki, þol, tækni, næring, hvíld, öndun og ýmislegt fleira kemur við sögu í þjálfuninni og eins og alltaf þegar ég er í miklu sambandi við Steve er ég að læra eitthvað nýtt alla daga.

Þann dag sem við höldum að við kunnum og vitum allt, byrjar að fjara undan okkur. Höldum áfram að vilja læra og fræðast, það er lykill að betra lífi.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Björn Pálsson bjó á Heiði við Reykjaland í Mosfellssveit

Fyrsti sjúkraflugmaðurinn

Út er komin hjá Bókauktgáfunni Hólum stórmerk bók um fyrsta sjúkraflugmanninn á Íslandi, Björn Pálsson. Jóhannes Tómasson skráði.

Björn var frumkvöðull í sjúkraflugi, vann marga hetjudáðina og var kallaður „bjargvættur landsbyggðarinnar“. Hann fór í loftið þótt veðurútlitið væri allt annað en gott til flugs, svo ekki sé nú minnst á landingarstaðina sem sumir voru varla meira en „lófastærð“. Þetta er vægast sagt einstök lesning um einstakan mann og ekki seinna vænna að halda minningu hans á lofti, en Björn lést í flugslysi fyrir 50 árum og var þá ekki sjálfur

við stýrið.

Björn og Sveina kona hans bjuggu lengi í Reykjavík en fluttu síðan inn í stórt og fallegt hús sem þau byggðu skammt innan við Reykjaland í Mosfellssveit, sem þá hét svo, og nefndu það Heiði.

Þar búa afkomendur Björns í dag og reyndar víðar í Mosfellsbænum. Nægir þar að nefna Svein, son hans og samstarfsmann í flugrekstrinum, og Sigurð son Sveins, sem gat sér gott orð í handboltanum hér áður fyrir.

Fjöldi mynda prýðir bókina, sem er fánleg í bókabúðum og eins hjá útgefanda í netfanginu: holar@holabok.is



Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér
alla leið

Bókið
skoðun
og fáið **frítt**
verðmat

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggjafir fasteignasalar



Gunnar Ólafur Kristleifsson
Stundum

hugsar maður og margir hugsa myndi maður gera hlutina öðruvísi ef maður fengi tækifæri að gera hlutina öðruvísi, í dag hef ég verið með konunni minni í 37 ár giftur í 35 ár verið sjálfboðaliði fyrir liðið mitt Aftureldingu í 45 ár og ef ég yrði spurður myndir þú vilja breyta einhverju þá yrði svarið stórt NEI. Því eg elska konuna mína Þrúður Finn-bogadóttir og félagið mitt Afturelding það mikið að ég myndi ganga í gegnum eld og brennisteinn fyrir þau og börn og barnabörn <3

25. nóv



Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Í fyrsta lagi

er ég ótrúlega fegin að vera ekki sérfræðingur í íslenskum fótþolta, í öðru lagi er ég er ótrúlega glöð að vera amma barnabarna minna, í þriðja lagi er ég ótrúlega fegin að vera ekki þingmaður á Alþingi Íslendinga, í fjórða lagi er ég ótrúlega glöð að geta verið þakklát fyrir lífið og tilveruna <3 Farið vel með ykkur elsku FB vinir og verið góð hvert við annað.

16. nóv




Gylfi Þór Þorsteinson
Í dag hefst

leikritið, Þabbi setur upp útiseriuna. Hádramatist leikrit í allt of mörgum þáttum. Leikritið fjallar um lífsglaðan fjölskylduföður sem í anda jólanna vill gleðja fjölskyldu sína með jólaljósum, en þarf svo að sigrast á vonbrigðum sínum er ljósinn slökkna og bila og fjölskyldufaðirinn fer að samsvara sér með hinum biluðu ljósum en reynir ítrekað að setja upp seríuna aftur og við fylgjumst með fram á nýár hvernig sálarástand hans versnar til mikilla muna.

1. Hluti. Serían prófuð inni.
2. hluti Serían sett upp
3. hluti serían sett í samband
4. hluti Serían virkar ekki
5. hluti Serían tekin niður
6. hluti Serían löguð
7. hluti Serían sett upp aftur
8. hluti Leikinn er 2-7 hluti aftur
9. hluti ljóslaus jól.

16. nóv

facebook



GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Bilapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is



MALBIKSTÖÐIN

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 22:00

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30

Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510

SIÓVÁ

TIM

VÍR

VARBUR



GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

Viltu selja?

Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að búið sé að loka hamborgara- staðnum Smass við hliðina á Krónunni.

...að árlegur jólamarkaður Ásgarðs fari fram í Álafoskvosinni á laugardaginn.

...að söngkonan mosfellska María Ólafs og Jónsi í Svörtum fötum séu meðal þeirra sem fram koma á Þorablóti Aftureldingar 20. janúar.

...að innviðaráðuneytið sé búið að úrskurða lóðaúthlutun á atvinnu- húsalóð ofan við slökkvistöðina Ólögmaeta. Mosfellsku fyrirtækin Ísband og Pálsson voru meðal þeirra sem kepptust um lóðina.

...að Aftureldingarþættir Dóra DNA séu að slá í gegn í danska sjónvarpi- nu um þessar mundir.

...að það sé frítt í sund í Mosó fyrir Grindvíkinga.

...að nokkrar listakonur verði með jólamarkað í Markholti 2 á laugar- daginn kl. 12-16.

...að Valur Þorsteins og Birna eigi von á barni.

...að verið sé að bæta við golfhermum á neðri hæð golfskálans.

...að lið Aftureldingar hafi dottið út úr Kviss á lokaspurningunni.

...að kötturinn Arýa sem á heima í Litlakrika sé tíður gestur í Nettó, og má fylgjast með ævintýrum Arýu á Facebook-síðunni Spottaðu Arýu Nettó kisu í Mosó.

...að Ástríður Guðmunds sem birti fyrstu uppskriftina að Sörum í Gestgjafanum fyrir 20 árum sé flutt í Mosó.

...að handboltakappinn Þorsteinn Leó muni ganga til liðs við Porto næsta sumar.

...að Eydís Elfa haldi sína fyrstu einka- tónleika laugardaginn 9. desember kl. 17 í Lágafellskirkju.

...að Andrea Ósk sé ein þriggja stjórn- enda hlaðvarpsins Undirmannaðar, þær eru allar tvíburamömmur og eiga samtals 9 börn á leikskólaaldri.

...að Þorri og Þóra mæti í bókasafnið þann 7. desember og gleðji gesti safnsins.

...að Leibbi hafi verið með tímamóta- lýsingu á Evrópuleik strákanna í Slóvakíu á dögnum.

...að Greta Salóme verði með tvo fría jólatónleika fyrir Grindvíkinga í Hlégarði fyrir jólin.

...að allt hafi ætlað um koll að keyra á Facebook í síðustu viku vegna uppbyggingarmála að Varmá.

...að Stebbi JAK verði í Hlégarði á laugardaginn.

...að jólabingó Bankans fari fram fimmtudaginn 7. desember.

...að Sædis Gísla hafi orðið sextug um helgina.

...verið sé að breyta planinu við Bogatanga í fullbúna grenndarstöð.

mosfellingur@mosfellingur.is



JAKO

SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGARVÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

7. desember kl. 19:30
í Lágafellskirkju

JÓLATÓNLEIKAR

VARMÁRKÓRINN OG
BARNAKÓR LÁGAFELLSSÓKNAR

Frír aðgangur á tónleikana á meðan húsrúm leyfir. Við hvetjum tónleikagesti til að styrkja Gleym Mér Ei, styrktarfélag til stuðnings við foreldra sem missa á meðgöngu og í/eftir fæðingu.



Í eldhúsinu



Greifasalat

HJÁ INGU ÁSTU

Inga Ásta Bjarnadóttir deilir að þessu sinni með okkur Mosfellingum uppskrift að huggulegu salati.

Hráefni:

- Salatblöð
- Steinselja
- Brokkolí, hrátt
- Sætar kartöflur, soðnar og skornar í teninga
- Gúrka
- Spírur að eigin vali
- Epli
- Pikklaður rauðlaukur, uppskrift t.d. á hilduromars.is
- Kínóa, soðið og kælt
- Sólblómafræ
- Ristaðar eða soðnar kjúklingabaunir
- Herbamare salt

Dressing:

- Dijon sinnep
- Hunang
- Sítrónusafi
- Ólívuólía, lífræn og kaldpressuð
- Sesamolía, nokkrir dropar (má sleppa)



Magnið fer bara eftir fjölda manns og smekk. Alltaf hægt að taka eitthvað út eða skipta út fyrir eitthvað annað. Aðalatriðið er að velja gæðahræfni og eins mikið lífrænt og hægt er.

Verði ykkur að góðu!

Inga Ásta skorar á Helgu og Ragnar að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

AÐVENTAN

Jæja, þá er aðventan að ganga í garð enn einu sinni. Hún kemur jú alltaf árlega, eins ótrúlegt og það kann að hljóma. Henni fylgir margt; jólastressið, fjölskyldustundir, kuldi, vonandi smá snjór og öll ljósín sem lýsa skammdegið upp, svo fátt eitt sé nefnt.

Þrátt fyrir að maður sé að full- orðnast hægt og rólega þá verð ég að viðurkenna að barnið í mér lætur alltaf hæst í sér heyra á aðventunni. Aðventan mín er þar af leiðandi ekki bara frá fyrsta í aðventu, heldur er ég ein af þeim sem byrja að hlusta á jólalög í leyni í október (ef maður má segja frá því).

Mér finnst aðventan og jólahátíðin í heild svo ofboðslega róandi og falleg. Ég elska að sjá ljósaseriurnar ljóma, kveikja á jólakerti og botna ofnana í húsinu svo mér verði alveg örugglega ekki kalt.

Ég á kannski ekki langt að sækja þetta þar sem amma mín heitin var alltaf búin að gera heimili sitt að jólahúsi mjög snemma og kaupa allar smákökurnar um leið og þær birtust í búðum í byrjun nóvember. Það var alltaf svo notalegt að koma til hennar í heitt húsið og gleðjast yfir öllum jólaljósunum (sem mátti þó aldrei „tæta“).

Nú í dag bý ég ásamt kærastanum mínum í húsinu hennar með afa mínum og finnst ég skyldug til að halda uppi jólastemningunni á aðventunni, sem ég mun gera af stolti.

Ég bið alltaf spennt eftir aðventunni því það er þá sem flestir eru komnir á þann stað sem ég byrjaði á í október. Nú get ég loksins deilt jólagleði minni með öllum án þess að fá svipinn sem gefur frá sér ósýnilega hljóðið: „Emma hættu“.

Að lokum langar mig að minna alla á að vera góð hvert við annað, reyna að njóta frekar en að stressast því jólin koma jú, á hverju ári, og það sem skiptir máli er að vera í fangi þeirra sem manni þykir vænt um. Ég ætla að minnsta kosti að nýta þennan árstíma í að minna mig á hvað ég er rík af fólki.



EMMA IREN

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar og
hljómborð á tilboði



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

SKEMMTANIR



Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árhátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreasen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is
gitarinn@gitarinn.is

Símar: 895 9376 - 552 2125

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa

Skilnaðarsamningar - Slysamál

Gallar í fasteignum

Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

Noona.is/aristohars

ARISTÓ

Hárstofa

Háholti 14

S: 566 8989

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS



VILTU SELJA?


588 55 30
WWW.BERG.IS

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



ÞJÓNUSTUAUGGLÝSING

Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444

www.artpro.is



JÓLABLAÐ
MOSFELLINGS
KEMUR ÚT

21. DES.


Blaðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað langar þig í
í jólagjöf?



VIKTOR NÖKKVI:
Handboltaskó.



SARA KATRÍN:
Jordan 4s.



RÚNAR ÓLI:
Fínan rakspíra.



KRISTJÁN HRAFN:
Leik á Manchester United.



BJARNI ÁSBERG:
Kerti og spil.



ÍSAK ÞRÁINN:
Pretty boy um jólin.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Æskurnar úr Gaggó Mos



Upplesarar á Bókmenntahlaðborði



Afmælisgestir í Háholtinu



Fjölskylda á ferð



Mættar í afmæli á Aristó



Viktor Allstars



Anna, Elli og rósirnar



STEINDI JR. OG EMMSJÉ GAUTI
GEFA SAMAN ÚT JÓLALAG 1. DESEMBER

PARTÝJÓL

TVÍFARAR



Sindri Snær



Ingó Veðurguð

Við erum á fullu að bóka fyrir jólin, ekki missa af því og bókaðu núna!



Við erum fagmenn. Við erum Sprey Hárstofa

Sprey er staðsett í
Mosfellsbæ og Garðabæ.



Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677

HLÉGARÐUR Á ÞORLÁKSMESSU

Skötuþlaðborð

...að hætti Vignis

Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja, plockfiskur, spænskur saltfiskréttur, paella, síld frá Eskifirði, heitreyktur lax, jóla-grafinn lax, hangikjöts-tartalettur...

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum, hnoðmör, smjöri og hömsum.



LIFANDI TÓNLIST

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á TIX.IS

6.900 KR.

Í HÁDEGINU

11:30
13:30



ALLT

F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær



BASAR Á HLAÐHÖMRUM

Árlegur basar á vegum félagsstarfs eldri borgara fór fram um síðustu helgi. Margt var um manninn á Hlaðhömrum og söng kór eldri borgara nokkur jólaög. Úrval af handunnum vörum hefur sjaldan verið meira.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Jólin eru
komin í verslun
Múlalundar!

Tilboð á
jólavörum

- sjón er sögu ríkari!



MÚLALUNDUR

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Djónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð

588 55 30



Prastarhöfði



Falleg 103 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli, 3 svefnherbergi. Íbúðin er í enda með séringangangi. Eikarparket á gólfum. Rúmgöð stofa með opið í eldhús. Svalir í suður. Flott eign í vinsælu hverfi. Órstutt í skóla og sundlaug. Næg bílastæði.

Bjarkarholt



Mjög falleg 60 fm íbúð á 3. hæð í nýju lyftuhúsi við Bjarkarholt. Íbúðin er fullbúin og fylgja með ísskápur og uppþvottavél. Vönduð gólfefni og innréttingar. Svalir snúa í suður.

Grenibyggd



136 fm parhús með bílskúr við Grenibyggd. 3 svefnherbergi. Góð lofthæð. Sólpallur í suður með heitum potti. Fallegur garður í góðri rækt. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Flott eign, innarlega í lokadri og gróinni götu í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. **Verð: 103 m.**

Silfursléttu



Rúmgott 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu og mjög rúmgott. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.